# Blaðamaðurinn


Maí 2019 • 1. tbl. • 41. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS




# Alþjóðlegar siðareglur

- **Blaðamannaverðlaun** árið 2018
- **Höfundaréttartilskipun** ESB
- **Verðlaun** fyrir myndir ársins



**Brautryðjandi í blaðamennsku**

- **Stuðningur** við einkamiðla
- **Félagatal**
- **Siðadómar**

# EFNI BLAÐSINS




## Blaðamannaverðlaun

**4** Tilnefningar dómnefndar

**5** Rökstuðningur dómnefndar

**6** Björn Vignir Sigurpálsson:
Ótrúlega margt vel gert

**8** Verðlaunahafar

**9** Verðlaunamyndirnar

## Umræðan

**14** Sigur eða ósigur fyrir tjáningar-frelsið?

**17** Nýjar alþjóðlegar siðareglur í farvatninu

**18** Alþjóðlegur siðasáttmáli fyrir blaðamenn (drög)

**20** Birgir Guðmundsson:
Blaðamaðurinn Einar Hjörleifsson (Kvaran)

**24** Endurgreiðsla og sérstakur stuðningur



**Útgefandi:** *Blaðamannafélag Íslands*

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
*Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).*

**Prófarkalestur:** *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*
**Útlitshönnun:** *Ásprent*
**Prentun:** *Ásprent*

**Skrifstofa Blaðamannafélagsins**
*er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553 9155*
*Bréfsími 553 9177*
*Netfang* **bi@press.is**
*Heimasíða BÍ* **www.press.is**

*Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.*
*Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson formaður og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.*





## Siðadómar

**26** Úrskurðir Siðanefndar

## Blaðamannafélagið

**33** Félagatal

**39** Kjaradeilu vísað til sáttasemjara


## Forsíðumynd

*Verðlaunamynd í samkeppninni um Mynd ársins 2018. Myndina tók Heiða Helgadóttir og er hún úr myndaröð ársins.*

# Glæpur og upplýsing

Samkvænt vísitölu fjölmiðlafrelsis sem gefin er út á vegum samtakanna Fréttamenn án landamæra (Reporters Without Boarders) er Ísland í 14. sæti yfir þær þjóðir sem best koma út. Hinar Norðurlandaþjóðirnar skora allar betur en Íslendingar, Noregur trónir þar á toppnum og Finnland og Svíþjóð koma þar næst á eftir, þá Holland og Danmörk síðan í fimmta sæti. Vitaskuld er vísitala af þessu tagi fjarri því að vera nákvæm vísindi og staðsetning einstakra landa ræðst af því hvaða einstaklingar svara þeim spurningum sem sendar eru út. Þannig er okkur sagt í einstaklega almennum texta að ástæðan fyrir því að Ísland falli um eitt sæti á listanum sé sú að samskipti fjölmiðla og stjórnmálamanna „hafi súrnað síðan 2012“. Þetta sé þrátt fyrir að Alþingi hafi árið 2010 samþykkt þingsályktun um fjölmiðlafrelsi (IMMI-áætlunin) sem hafi falið í sér áætlun um að verða eins konar griðastaður fjölmiðlafrelsis í heiminum. Þetta er auðvitað athyglisvert í ljósi þess að hvert frumvarpið á fætur öðru hefur á síðustu mánuðum komið fram þar sem verið er að innleiða hluta af þessari IMMI-áætlun auk þess sem það hlýtur að teljast frekar sérkennileg vísbending um fjölmiðlafrelsi að einhverjir sérstakir kærleikar ríki milli stjórnmálamanna og fjölmiðla!

Að því sögðu þá er vísitala RWB gagnlegt tæki til að leggja mat á almenna þróun á stærri svæðum og aðrir þættir í skýrslugjöf samtakanna, s.s. ofsóknir, fangelsanir og morð á blaðamönnum, fylla enn betur upp í þá mynd. Sú mynd sem birtist af stöðu blaðamanna og frjálsrar fjölmiðlunar á Vesturlöndum er satt að segja ekki uppörvandi. Í Evrópu merkja samtökin verulega afturför á síðustu fimm árum, sem að hluta má rekja til nýrra stjórnmálahreyfinga og stjórnlynds ríkisvalds sem rutt hefur sér til rúms víða í Evrópu. Í Bandaríkjunum, sem mælast í 48 sæti á fjölmiðlafrelsislistanum, er staða fjölmiðla ekki síður viðsjárverð, og viðstöðulausar árásir á fjölmiðla og orðræða sem stillir þeim upp sem spilltum andstæðingum almennings kemur kerfisbundið frá æðstu stöðum. Í því sambandi er rétt að nefna framsalskröfu og ákæru sem gefin hefur verið út gegn Julian Assange, forsprakka WikiLeaks, á grundvelli njósnalaga. Þar með er beinlínis verið að glæpavæða blaðamennsku því það sem WikiLeaks gerði var að koma á framfæri upplýsingum sem vörðuðu almannaheill, en það er jú ein meginskylda blaðamanna. Hér er því tekið undir andmæli blaðamanna og samtaka þeirra vítt um heim og þessi glæpavæðing bandarískra stjórnvalda fordæmd.

Svo vill til að hluti af þeim upplýsingum sem hér um ræðir voru tilefni til Blaðamannaverðlauna BÍ fyrir árið 2010. Þá hlaut Kristinn Hrafnsson verðlaunin. Það er því tilefni til að rifja upp umsögn dómnefndar, en þar sagði að Kristinn hafi verið tilnefndur fyrir „framúrskarandi úrvinnslu á myndbandi um þyrluárás í Bagdad sem hann vann ásamt Inga R. Ingasyni. Einnig fyrir störf hans sem fulltrúi WikiLeaks í samstarfi við helstu fjölmiðla heims við að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri.“ Í lok greinargerðar sinnar um málið segir dómnefndin um Kristin að hann hafi sýnt „framúrskarandi blaðamennsku og hélt í framhaldi af því uppi merki faglegra gilda í starfi sínu hjá WikiLeaks, þar sem hann m.a. vann að því að miðla mikilvægum en viðkvæmum upplýsingum til þeirra alþjóðlegu fjölmiðla sem WikiLeaks var í samstarfi við. Kristinn var þannig í mikilvægu framvarðarhlutverki þegar blaðamennska í heiminum var að vinna ný lönd.“

Glæpavæðing upplýsingastarfsemi sem veitir valdinu aðhald er alvarlegt áhyggjuefni og því miður virðist vera tilhneiging í þá átt bæði í Evrópu og vestan hafs. Þótt Ísland skori nokkuð hátt í vísitölum Fréttamanna án landamæra og ekki séu í augnablikinu sérstakar ástæður til að óttast um fjölmiðlafrelsið, þá sýna fordæmin allt í kring að brýnt er að hafa umgjörð og regluverk stjórnvalda þannig úr garði gert að erfitt verði að misnota það ef pólitískir vindar taka að blása úr nýjum áttum.

*Birgir Guðmundsson*

## STJÓRN BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

**Aðalstjórn:**
Hjálmar Jónsson, formaður
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingi
Sunna Kristín Hilmarsdóttir, Vísi
Jóhann Hlíðar Harðarson, RÚV
Helga Arnardóttir, lausamaður
Björn Jóhann Björnsson, Morgunblaðinu
Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðinu

**Varamenn**
Sigurður Mikael Jónsson, Fréttablaðinu
Ragna Gestsdóttir, DV
Vala Ósk Bergsveinsdóttir

**Samningaráð**
Hjálmar Jónsson, formaður BÍ
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, varaformaður BÍ
Guðni Einarsson, Morgunblaðinu
Jón Hákon Halldórsson, Vísi
Baldur Guðmundsson, Fréttablaðinu
Kolbeinn Þorsteinsson, DV
Sunna Kristín Hilmarsdóttir, Vísi

**Varamenn**
Jóhann K. Jóhannsson, Sýn
Guðjón Guðmundsson, Viðskiptablaðinu
Guðmundur Bergkvist, RÚV

**Dómnefnd Blaðamannaverðlauna**
Björn Vignir Sigurpálsson
Arndís Þorgeirsdóttir
Óli Kr. Ármannsson
Steinunn Stefánsdóttir
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

**Menningar- og orlofshúsasjóður**
Lúðvík Geirsson, formaður
Elín Albertsdóttir
Guðmundur Sv. Hermannsson

**Varamaður:**
Sigurður Már Jónsson

**Stjórn Styrktarsjóðs**
Arndís Þorgeirsdóttir, formaður
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Guðni Einarsson

**Varamenn**
Baldur Guðmundsson
Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Hjálmar Jónsson

**Skoðunarmenn reikninga**
Sigtryggur Sigtryggsson
Hörður Ægisson

**Varamaður**
Guðmundur Sv. Hermannsson

**Kjörnefnd**
Arndís Þorgeirsdóttir
Kristján Hjálmarsson
Guðmundur Ólafur Ingvarsson

**Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum**
Morgunblaðið: Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir.
Fréttablaðið: Baldur Guðmundsson
DV: Kolbeinn Þorsteinsson
Sýn/Vísir/Bylgjan: Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Birtingur: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
DV: Koleinn Þorsteinsson
Bændablaðið: Erla Gunnarsdóttir
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson

BLAÐAMANNAVERÐLAUN

# Tilnefningar til blaðamannaverðlauna ársins 2018

*Dómnefnd Blaðamannverðlaunanna tilnefndi þrjá blaðamenn í hverjum flokki verðlaunanna. Tilnefningarnar eru eftirfarandi:*

## Viðtal ársins

***Jóhann Páll Jóhannsson, Stundinni***
Fyrir viðtal við Báru Halldórsdóttur sem steig fram í kjölfar þess að hafa tekið upp hatursorðræðu þingmanna á Klausturbar og sent fjölmiðlum til úrvinnslu.

***Milla Ósk Magnúsdóttir, RÚV***
Fyrir viðtal við hjónin Stefán Þór Gunnarsson og Elísu Rós Jónsdóttur sem misstu son sinn vegna ofneyslu fíkniefna. Hjónin lýsa eigin úrræðaleysi og áfallinu sem fylgdi andlátinu.

***Ragnheiður Linnet, Mannlífi***
Fyrir viðtal við Merhawit Baryamikael Tesfaslase, ekkju plastbarkaþegans, Andemariam Beyene, um aðdraganda ígræðslunnar og hvernig líf fjölskyldunnar umturnaðist eftir þá örlagaríku aðgerð.

## Rannsóknarblaðamennska ársins

***Freyr Rögnvaldsson og Steindór Grétar Jónsson, Stundinni***
Fyrir umfjöllunina Landið sem auðmenn eiga sem veitir ríka yfirsýn yfir umfang fyrrum bújarða sem nú eru í eigu innlendra og erlendra auðmanna og innsýn í hverjir þeir eru.

***Helgi Seljan, RÚV***
Fyrir fréttaskýringu um stöðu erlendra verkamanna og sjálfboðaliða sem hingað koma, búa við bágar aðstæður og eru sviknir um laun.

***Ingólfur Bjarni Sigfússon, RÚV***
Fyrir fréttaskýringu um um vopnaflutninga Air Atlanta og vanhöld Samgöngustofu á því að framfylgja sáttmálum um vopnaflutninga sem Ísland hefur fullgilt.

## Umfjöllun ársins

***Aðalheiður Ámundadóttir, Fréttablaðinu***
Fyrir umfjöllun með fréttum og fréttaskýringum um forsögu, endurupptöku og eftirmála Guðmundar- og Geirfinnsmála.

***Guðrún Hálfdánardóttir, Morgunblaðinu/Mbl.is***
Fyrir greinaflokkinn Gætt að geðheilbrigði, um úrræði og úrræðaleysi þegar kemur að því að hjálpa fólki sem glímir við geðsjúkdóma og/eða fíkn.

***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Stundinni***
Fyrir umfjöllun með frásögnum átta kvenna sem opinbera bitleysi nálgunarbanns sem úrræðis í heimilisofbeldismálum.

## Blaðamannaverðlaun ársins

***Sigríður Halldórsdóttir, RÚV***
Fyrir umfjöllun um óábyrga notkun plasts, þar sem sýnt er með sláandi hætti hvernig það mengar umhverfið, neysluvatn okkar og matvæli.

***Viktoría Hermannsdóttir og Þórhildur Ólafsdóttir, RÚV***
Fyrir útvarpsþáttaröðina Kverkatak þar sem lýst er birtingarmyndum heimilisofbeldis frá sjónarhorni þolenda, aðstandenda þeirra og sérfræðinga.

***Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum***
Fyrir bókina Kaupthinking sem dregur fram skýra mynd af hugarfari og ólöglegum fjármálagjörningum innan Kaupþings í aðdraganda bankahrunsins og afleiðingum þeirra.

# Vinningshafar og rökstuðningur dómnefndar

## Viðtal ársins

Ragnheiður Linnet, Mannlífi, hlaut verðlaunin fyrir viðtal sitt við Merhawit Baryamikael Tesfaslase. Hún er ekkja plastbarkaþegans Andemariams Beyene sem var fyrsti maðurinn sem gervibarki var græddur í árið 2011.

Í viðtalinu kynnist lesandinn harmleik fjölskyldunnar. Merhawit lýsir aðdraganda aðgerðarinnar og því þegar hún missti mann sinn í einu stærsta svikamáli sem upp hefur komið í læknavísindum áratugum saman. Málið tengist Íslandi með beinum hætti vegna þess að Andemariam var búsettur hér þegar hann veiktist og því sjúklingur íslenskra lækna.

Merhawit greinir frá því hvernig hún stóð upp réttindalaus með þrjú ung börn eftir andlát Andemariams árið 2014.

Viðtalið er vel skrifað og hjartnæmt. Auk þess að greina frá örlögum Merhawit og barnanna veitir það góða innsýn í málið og það sem aflaga fór, bæði vísindalega og siðfræðilega.

## Rannsóknarblaðamennska ársins

Verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2018 hlutu Freyr Rögnvaldsson og Steindór Grétar Jónsson, Stundinni, fyrir umfjöllun sína, Landið sem auðmenn eiga.

Í umfjölluninni birtist eignarhald auðfólks á jörðum á Íslandskorti sem nær yfir heila opnu og veitir skýra yfirsýn yfir umfang fyrrum bújarða sem nú eru í eigu innlendra og erlendra auðmanna. Sumir þeirra hafa safnað að sér fjölda jarða og jafnvel keypt upp jarðir á ákveðnum stöðum á landinu. Þá er eignarhald fjölda jarða í félögum sem stundum hvílir leynd yfir.

Í umfjölluninni eru viðtöl við nokkra þeirra sem hvað umsvifamestir hafa verið í jarðakaupum og veita viðtölin innsýn í margbreytilegar ástæður fólks fyrir því að vilja eignast jarðir á Íslandi.

Framlag þeirra Freys og Steindórs veitir mikilvæga yfirsýn yfir umdeilt mál sem hefur verið mikið til umræðu í samfélaginu.

## Umfjöllun ársins

Verðlaun fyrir umfjöllun ársins hlaut Aðalheiður Ámundadóttir, Fréttablaðinu, fyrir upplýsandi og greinargóð skrif um Guðmundar- og Geirfinnsmál.

Í umfjöllun sinni um endurupptöku og um leið forsögu Guðmundar- og Geirfinnsmála tekst Aðalheiði að fanga kjarna atburða hverju sinni og setja í samhengi.


Auk upplýsandi frétta af gangi dómsmálsins varpaði Aðalheiður í fréttaskýringum ljósi á sögu mannshvarfanna tveggja 1974, rannsókn þeirra á sínum tíma og aðdraganda þess að málin fengust endurupptekin á síðasta ári. Þá fylgdi hún málinu vel eftir þegar Hæstiréttur hafði fellt sinn dóm með umfjöllun um möguleg eftirmál og möguleikanum á því að mannshvörfin upplýsist á endanum.

Skrif Aðalheiðar einkennast af djúpri þekkingu á flókinni og langri sögu sem hún skilar lesendum á skýran og aðgengilegan máta.

## Blaðamannaverðlaun ársins

Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum, hlýtur Blaðamannaverðlaun ársins 2018 fyrir heildstæða greiningu á hugarfari og ólöglegum fjármálagjörningum í bókinni Kaupthinking – Bankinn sem átti sig sjálfur.

Umfjöllun Þórðar Snæs dregur upp skýra mynd af ósæmilegu háttarlagi þeirra lykilbankamanna sem leiddu Kaupþing frá einkavæðingu að falli árið 2008. Umfjöllunin er afrakstur áralangrar rannsóknar Þórðar á málinu og víðtækrar heimildavinnu úr bæði opinberum og óopinberum gögnum sem hann komst yfir. Vinna hans á sér fáar hliðstæður.



Bókin sýnir hvernig gera má yfirgripsmikla rannsóknarvinnu til margra ára bæði auðlæsilega og skiljanlega. Hún er áþreifanleg heimild um það traust sem blaðamaður getur áunnið sér og þá þekkingu sem myndast þegar hann helgar sig málefni.

BLAÐAMANNAVERÐLAUN

# Ótrúlega margt vel gert

## – Ávarp Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefndar

*Ágætu félagar og aðrir góðir gestir.*

Enn eitt árið er komið að því að veita blaðamannaverðlaun Blaðamannafélagsins í fjórum flokkum.

Í þetta sinn getum við sagt að þessi verðlaunaafhending marki nokkur tímamót – þau eru nefnilega afhent á heimavelli í fyrsta sinn – í Blaðamannaklúbbnum, félagsheimili blaðamanna hér í Síðumúlanum.

Segja má að við höfum verið á nokkrum hrakhólum með vettvang fyrir verðlaunaafhendinguna síðustu ár eða allt frá því að við misstum athvarf okkar í Gerðarsafni þar sem við höfðum lengi átt góðan samastað ásamt blaðaljósmyndurum með sýningu sína. Það samflot hefur haldist hvernig svo sem sýningarvettvangurinn hefur velkst um á milli staða. Nú hafa samtök blaðaljósmyndara fengið stað fyrir sýningu sína í Smáralind og jafnljóst að það svið hentar ekki blaðamannaverðlaunum fremur en að Blaðamannaklúbburinn okkar henti sýningu blaðaljósmyndara sem er umfangsmeiri en svo að henni verði komið fyrir hér. Sýning blaðaljósmyndara verður þess vegna opnuð í Smáralind á morgun, laugardag.

Það er jafnan ánægjuefni að veita blaðamönnum viðurkenningar fyrir störf sín. Íslenski fjölmiðlamarkaðurinn líður fyrir fjársvelti og starfsmannaveltu og í raun má segja að miðað við þær aðstæður sé ótrúlega margt vel gert í íslenskum fjölmiðlum.

Yfirlýstur tilgangur blaðamannaverðlaunanna hefur alltaf verið að efla fagleg vinnubrögð í blaðamennsku. Tilnefningarnar sem verðlaunanefndinni bárust sýna almennt mikinn metn-



*Björn Vignir Sigurpálsson, formaður dómnefndar blaðamannaverðlaunanna.*

að í stéttinni, rétt eins og undanfarin ár og þar sést mikill vilji til að standa vaktina fyrir fagið hvað sem öllu áreiti líður.

Og eins og jafnan er rétt að ítreka að nefndarmenn huguðu sérstaklega að hæfi sínu eða vanhæfi til að fjalla um einstakar tillögur um tilnefningar vegna vináttu, vensla eða annarra tengsla, og sögðu sig frá ákvörðunum um einstakar tilnefningar þegar þannig stóð á.

Félagar mínir í nefndinni munu nú afhenda verðlaun í einstökum flokkum um leið og þau kynna sig.







*Vinningshafar blaðamannaverðlauna 2018 (efri mynd). F.v. Ragnheiður Linnet, Þórður Snær Júlíusson, Aðalheiður Ámundadóttir og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir.*

*Á minni myndinni má sjá alla sem tilnefndir voru til blaðamannaverðlauna og voru viðstaddir afhendingu þeirra.*

# Verðlaun
## fyrir myndir ársins

Myndir ársins er árleg sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands. Á sýningunni í ár voru 106 myndir frá liðnu ári sem valdar voru af óháðri dómnefnd úr 840 innsendum myndum íslenskra blaðaljósmyndara. Myndunum er skipt í 7 flokka sem eru fréttamyndir, daglegt líf myndir, íþróttamyndir, portrettmyndir, umhverfismyndir, tímaritamyndir og myndaraðir. Í hverjum flokki valdi dómnefndin bestu myndina/bestu myndaröðina og ein mynd úr fyrrnefndum flokkum var svo valin sem mynd ársins.

Dómnefndarstörf fóru fram 8.-9. febrúar síðastliðinn en í ár skipuðu dómnefndina þau Bára Kristinsdóttir, Brynjar Gauti Sveinsson, Jóhanna Guðrún Árnadóttir, Jón Guðmundsson, Pétur Thomsen, Þorkell Þorkelsson og Mads Greve, kennari við Dmjx, sem jafnframt var formaður dómnefndar.

Ljósmyndavörur sáu um prentun á öllum myndum.

Blaðaljósmyndarafélag Íslands var stofnað árið 1976 og starfar innan Blaðamannafélags Íslands. Sýningin Myndir ársins hefur verið haldin árlega síðan 1995 og er ein fjölsóttasta ljósmyndasýningin landsins ár hvert. Stjórn Blaðaljósmyndarafélags Íslands í ár skipa Kristinn Magnússon (formaður), Eyþór Árnason, Hákon Davíð Björnsson, Heiða Helgadóttir, Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir og Styrmir Kári Erwinsson.



*Vinningshafar í hinum ýmsu flokkum í ljósmyndasamkeppninni Myndir ársins 2018. F.v. Valdís Pálsdóttir, Hallur Karlsson, Eyþór Árnason, Heiða Helgadóttir, Haraldur Jónasson, og Sigtryggur Ari Jóhannsson.*

# Verðlaunamyndirnar 2018



**Ljósmyndari:**
*Heiða Helgadóttir*



## Ljósmynd ársins



*Adrían hefur gaman af því að sitja í strætó og fylgjast með umhverfinu.*

### Umsögn dómnefndar:

**Sterk og marglaga ljósmynd sem varpar fram mörgum áleitnum spurningum.
Æ fleiri börn fá greiningar sem er vaxandi samfélagsvandamál á heimsvísu.
Myndin sýnir einhverfan dreng sem er í átökum við sjálfan sig. Hann er einn en gæti allt eins verið að horfa á eineggja tvíburabróður sinn. Á hvern er hann að horfa? Sjálfan sig eða bróður sinn? Er hann að horfa inn í framtíðina? Hann er í það minnsta í sínum eigin heimi að horfa út.**

# Fréttamynd ársins






**Ljósmyndari:**
*Haraldur Jónasson (Hari)*

*Húsbruni á Selfossi. Hús varð alelda á Selfossi. Slökkvilið Árnessýslu sinnir slökkvistarfi.*

## Umsögn dómnefndar:

**Þessi ljósmynd hefur allt sem góð fréttamynd þarf að hafa. Bæði út frá fréttagildi þess atburðar sem hún sýnir sem og uppfyllir hún alla myndræna þætti slíkrar tegundar mynda. Raunverulegur atburður sem gæti allt eins verið sviðsmynd.**

# Íþróttamynd ársins



**Ljósmyndari:**
*Sigtryggur Ari Jóhansson*



*Stuðningmenn íslenska landsliðsins létu úrhellisrigningu ekki aftra sér frá því að fylgjast með leiknum við Argentínu í Hljómskálagarðinum.*

## Umsögn dómnefndar:

**Myndin er mjög kraftmikil og sýnir glöggt þau djúpstæðu áhrif sem íþróttir hafa á fólk. Miðlar á mjög skýran hátt tilfinningum fólks fyrir leiknum.**

# Portraitmynd ársins



**Ljósmyndari:**
*Heiða Helgadóttir*

*„Eftir hvert einasta skipti sem pabbi var búinn að misnota mig sagði hann fyrirgefðu og lofaði að gera þetta aldrei aftur“. Anna Kjartansdóttir ólst upp hjá dæmdum barnaníðingi og ofbeldisfullri stjúpu, en þau hlutu bæði dóma nýverið fyrir ofbeldið gegn henni. Faðir hennar 4 ára dóm en stjúpmóðir hennar fékk 10 mánuði.*



## Umsögn dómnefndar:

**Sterk og sönn mynd sem næst með tæknilegri nálgun – að hafa myndina án filters og hráa. Án allra kúnsta. Um er að ræða heiðarlega ljósmynd, af viðkvæmu málefni þar sem ljósmyndarinn nær að fanga það brothætta – það ósýnilega – og koma því til skila á áhrifaríkan hátt.**

# Umhverfismynd ársins



**Ljósmyndari:**
*Eyþór Árnason*

*Tveir hvalir strönduðu í Engey. Hópur fólks kom þangað til að reyna að bjarga þeim. Annar hvalurinn drapst en það tókst að bjarga hinum.*



## Umsögn dómnefndar:

**Mjög grípandi og sterk ljósmynd. Myndbyggingin er skemmtileg með tærum og sterkum litum. Auk myndræns gildis hennar er málefnið/myndefnið mikilvægt. Ljósmyndin fyllir áhorfandann samúð, sektarkennd og eftirsjá því hún sýnir – á mjög bein-skeyttan hátt – eitt af stóru vandamálum samtímans. Fær fólk til að hugsa um stöðu umhverfismála í samtímanum.**

# Tímaritamynd ársins



**Ljósmyndari:**
*Hallur Karlsson*

*Herra Hnetusmjör.*



## Umsögn dómnefndar:

**Þessi ljósmynd af rapparanum Herra Hnetusmjöri er mjög vel heppnuð. Ljósmyndaranum tekst að búa til mjög einfalda mynd sem er um leið drekkhlaðin upplýsingum. Núið og það sem er að gerast þar; dægurmenning, tónlist og tíska. Hápunktur velgengninnar á því sviði – gull og grænir skógar.**

# Daglegt líf – mynd ársins



**Ljósmyndari:**
*Aldís Pálsdóttir*

*Fæðing.*



## Umsögn dómnefndar:

**Ljósmyndarinn nær að athafna sig í óreiðukenndum aðstæðum. Hann sýnir okkur aðstæður í heimahúsi þar sem fólk er í senn í hversdagslegum og óhversdagslegum stellingum. Mjög margt er að gerast á myndinni en hann nær að einblína á tilfinningarnar og sársaukann sem eru allt umlykjandi.**

# Myndaröð ársins



*Tvíburabræðurnir Adam Eilífur og Adrían Valentín eru nýorðnir ellefu ára. Þeir eru báðir með dæmigerða einhverfu. Þeir hafa lítinn orðaforða en Adam er þó opnari og getur tjáð sig örlítið meira en Adrían sem er meiri dútlari.*



*Þeir bræðurnir eru afar samrýndir en Adrían er háðari Adam. Ef Adam skiptir til dæmis um peysu gerir Adrían það líka, svo þeir séu örugglega alveg eins.*



**Ljósmyndari:**
*Heiða Helgadóttir*



*Adrían á mikið af fallegum glimmer-gimsteinum sem hann elskar að skoða og handleika. Vasar hans eru líka alltaf fullir af þeim.*



*Adam hefur gaman af vatninu.*




*Adrían hefur gaman af því að sitja í strætó og fylgjast með umhverfinu.*



*Það sem fyrir flestum er einföld aðgerð getur reynst bræðrunum flókið. Hrund mamma þeirra fær hér hjálp frá Gullu vinkonu sinni við að klippa Adrían.*



*Bræðurnir eru í einhverfudeild í Foldaskóla þar sem þeim líður vel. Adam nýtur þess að róla í frímínútum meðan Adrían athugar með gimsteinana sína í vasanum.*



*Adam horfir út um gluggann í herbergi bræðranna í Hólabergi, þar sem þeir bræðurnir dvelja af og til í skammtímavistun.*

## Umsögn dómnefndar:

**Þessi myndasería sker sig frá öðrum sem sendar voru inn í keppnina að þessu sinni. Samræmi og hárnákvæm „editering“ sem þarf til að skapa heildstæða seríu renna hér saman áreynslulaust. Ljósmyndarinn hefur fundið leið til að fanga andrúmsloftið af mýkt og samkennd. Hann nálgast viðfangsefnið á mjög sannfærandi hátt. Í ofanálag gefur serían frá sér sterkar táknrænar tilvísanir.**

# Sigur eða ósigur fyrir tjáningarfrelsið?

## – Tilskipun Evrópuþingsins um höfundarrétt

*Tilskipun sem Evrópuþingið samþykkti í lok mars um höfundarrétt og vernd hans mun án efa hafa nokkur áhrif á fjölmiðla og höfundaréttareigendur.*

Nákvæmlega hvaða áhrif er hins vegar erfitt að segja en ljóst er að efnisveitur eins og Facebook, Google og YouTube þurfa í framtíðinni að ná einhvers konar samningum við þá sem eiga höfundarrétt að efni og semja við þá. Þannig er vel hugsanlegt að fjölmiðlar og þá um leið samtök blaðamanna geti sótt greiðslur fyrir það efni sem þessar efnisveitur streyma til sín og deila frá sér en það fyrirkomulag hefur byggt upp gríðarlegan hagnað hjá þeim á sama tíma og hefðbundnir fjölmiðlar svelta. Það eru þó ekki fuglar í hendi.

Ekki þarf að hafa mörg orð um hve mjög rekstarskilyrði hefðbundinna fjölmiðla hafa versnað undanfarna áratugi og þá ekki síst eftir að Internetið kom til sögunnar og ný stórfyrirtæki fóru að hasla sér völl á auglýsingamarkaði um leið og þau sugu til sín efni og athygli. Fátt bendir til þess að þessari þróun verði snúið til baka og margir hafa orðið til að spá fyrir um endalok fjölmiðla nútímans, þar á meðal dagblaða. Fyrir stuttu var haft eftir fjárfestinum kunna Warren Buffett að hann sæi ekki mikla framtíð í rekstri dagblaða þó hann eigi í nokkrum slíkum sjálfur.[1] Warren tiltók reyndar að hann teldi að nokkur af stórblöðum nútímans myndu halda áfram að koma út um óskilgreinda framtíð. En ekki taldi hann mikla von um ábata af slíkum rekstri. Það þarf þó ekki að vera einhlítt, teikn eru á lofti um að öðrum auðmanni, Jeff Bezos, stofnanda Amazon, sé að takast að snúa við rekstri Washington Post. Til þess hefur hann beitt ýmsum framsæknum leiðum í markaðssókn sem hugsanlega gætu orðið öðrum fjölmiðlum fyrirmynd. Meðal annars hefur honum tekist að fjölga rafrænum áskrifendum verulega.[2]

**En við hvað er að eiga? Talið er að Google og Facebook hafi tekið um 55% af öllum auglýsingatekjum á netinu í Bretlandi á síðasta ári og árið 2020 verði hlutfallið 70%. Þar í landi er stærsti netauglýsingamarkaður Evrópu.**

### Talin ganga gegn tjáningarfrelsi

En nú er sem sagt Evrópusambandið búið að skila af sér nýrri tilskipun um höfundarrétt.[3] Hún var samþykkt með 348 atkvæðum, 274 voru á móti og 36 sátu hjá. Óhætt er að segja að tilskipunin sé ein sú umdeildasta í sögu Evrópusambandsins og ekki hafa jafn margir skrifað undir undirskriftalista gegn tilskipun eins og í þessu tilviki.[4] Átök um tilskipuna voru þannig mikil allt til loka og umdeild grein númer 13 var borin undir atkvæði ein og sér og komst í gegn með einungis fimm atkvæða meirihluta. Með henni eru settar kvaðir á efnisveitur um að gæta þess að birting efnis stangist ekki á við rétt höfunda. Mikil andstaða var við greinina á þeim forsendum að hún væri takmarkandi fyrir tjáningarfrelsi eins og kom fram í greinargerðum sem til dæmis Mannréttindavaktin (Human Rights Watch) og Fréttamenn án landamæra (Reporters Without Borders) sendu inn. Margir deildu þeirri skoðun og Jimmy Wales, einn stofnenda Wikipediu, sagði að þetta myndi torvelda dreifingu efnis og auka kostnað við að miðla upplýsingum, meðal annars í gegnum dreifileiðir þeirra. Ýmsir í Wikipedíu-samfélaginu höfðu harðari orð um 13 greinina og í sumum löndum voru birtar svartar síður á Wikipedíu í mótmælaskyni.[5]

Á meðan á vinnu við tilskipunina stóð mótmæltu stóru efnisveiturnar á öllum stigum málsins. Í einni umsögn Google frá árinu 2016 segir að ef slík tilskipun yrði samþykkt þá myndi Internetið breytast í vettvang þar sem allt sem hlaðið er niður yrði að fara í gegnum lögfræðinga.




Susan Wojcicki, forstjóri YouTube, sagði að tilskipunin myndi koma verst niður á efnisframleiðendunum sjálfum um leið og hún geti sett verulegar fjárhagslegar byrðar á efnisveiturnar. Auk þess vísaði hún til þess að nú þegar væru efnisveiturnar komnar með eigin aðgerðir til að tryggja höfundarrétt. Vísaði hún þar til „Content ID“ fyrirkomulagsins en það er nokkurs konar rafrænt fingrafar sem Google og YouTube hafa innleitt og ætlað er að vernda höfundarrétt, þó líklega fyrst og fremst þá sem eiga myndefni. Forráðamenn Facebook létu sitt ekki eftir liggja og sögðu tilskipunina geta skaðað „opið og skapandi“ netsamfélag.

Ekkert var til sparað í baráttunni og samtök í tölvu- og samskiptaiðnaði (The Computer and Communications Industry Association), sem meðal annars tala máli Google og annara stórra efnisveitna, hafa fjármagnað sérstök höfundarréttarsamtök (Copyright for Creativity organisation). Þessi samtök hrintu meðal annars af stað herferðinni „Bjargið Internetinu“ (Save Your Internet) sem barðist gegn tilskipuninni.[6] Fleiri herferðir voru settar af stað og málið sótt af hörku.

## Tvö ár í lögfestingu

Niðurstaðan núna markar endaloka ferils sem hófst árið 2016 en eldri tilskipun um höfundarrétt var frá árinu 2001. Nú hafa hin einstöku lönd sambandsins tvö ár til að lögfesta tilskipunina. Hér á Íslandi mun tilskipunin hafa réttaráhrif. Mestu skiptir þó hvaða áhrif hún hefur á efnisveiturisana sem flestir koma frá Bandaríkjunum. Munu þeir hlýða og semja eða er tilskipunin það óljós og veik réttarheimild að þeir muni reyna að leita allra leiða til að komast undan áhrifavaldi hennar? Viðbúið er að látið verði reyna á valdheimild hennar fyrir dómstólum.

Það er fróðlegt að fylgjast með umræðu um niðurstöðuna. Á blaðamannfundi þegar tilskipunin var kynnt sagði Axel Voss, sem hefur leitt umræðuna, að hún muni hafa mikil áhrif. Undir það hafa margir áhrifamenn í fjölmiðlaheiminum tekið, þar á meðan forráðamenn Evrópusamtaka blaðamanna. Á meðan hafa aðrir ýmist óttast áhrif tilskipunarinnar eða efast um að þau verði nokkur. Julia Reda, fulltrúi þýskra pírata á Evrópuþinginu, sagði að hér hefði verið unnið óþarfaverk sem myndi skaða frjálst upplýsingastreymi og gæti spillt fyrir ágæti netsins, gagnrýni sem heyrðist oft í lagasetningarferlinu. Julia gekk svo langt að kalla þetta „svartan dag fyrir frelsi Netsins“. Andrus Ansip, varaforseti í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og einn þeirra sem fara með lögfræðileg málefni innan þess, taldi hins vegar að hér væri um að ræða mikilvægt framfaraskref sem myndi treysta stöðu höfundarréttareigenda um leið og það varðveitti „sköpunargáfuna“. Þessi dæmi og önnur segja okkur leikmönnum í þessum fræðum að björninn sé ekki unninn. Hvernig framhald málsins verður er um sumt óljóst en þó blasir við að fjölmiðlamenn hafa fengið þá réttarheimild sem margir hafa kallað eftir. Hvort hún dugar er annað mál.

## Tapað stríð?

En við hvað er að eiga? Talið er að Google og Facebook hafi tekið um 55% af öllum auglýsingatekjum á netinu í Bretlandi á síðasta ári og árið 2020 verði hlutfallið 70%. Þar í landi er stærsti netauglýsingamarkaður Evrópu. Hér heima hafa komið upplýsingar um að tæplega helmingur af allri umferð sem kemur inn á Vísi.is, næstvinsælustu netsíðu landsins, komi frá Facebook.

Sama ástand er erlendis en í Fjölmiðlaskýrslu menntamálaráðuneytisins frá síðasta ári er ágæt útlistun á þessu þó gera megi ráð fyrir að tölfræðigögn breytist hratt.[7] Þannig áttu Google og Facebook 60% netauglýsingamarkaðar í Svíþjóð og 70% í Noregi árið 2017. Vert er að hafa í huga að 64% alls vaxtar á auglýsingamarkaði heimsins síðastliðin 5 ár hafa runnið til Google og Facebook. Þegar litið er sérstaklega til auglýsinga fyrir snjalltæki (e. mobile) þá eiga Google og Facebook um og yfir 90% markaðarins.

En ástæða er til að vara við ofurtrú á að þessi tilskipun bjargi fjölmiðlum ein og sér enda ekki margir sem trúa því. Þó að margt styðji það að fjölmennar og fjölbreyttar ritstjórnir, með skýra fréttastefnu þar sem fagleg vinnubrögð eru í heiðri höfð (svo sem í samskiptum við heimildir og heimildarmenn) séu best til þess fallnar að stunda áreiðanlega fréttamennsku þá virðist tíminn og tækni vinna gegn

slíku fyrirkomulagi. Mestu skiptir að auglýsendur eru að missa trúna á hefðbundnum fjölmiðlum og þá dagblöðum sérstaklega. Þannig spannst nokkur umræða um það á síðu sem kennir sig við Fjölmiðlanördа á Facebook fyrir skömmu að ýmsir opinberir aðilar kjósi í auknum mæli að nota efnisveitur fyrir sínar auglýsingar.[8] Var sem dæmi tekið að Landspítalinn auglýsir nú alfarið á samfélagsmiðlum og þá mest á Facebook. Í umræðunni var Landspítalinn sakaður um skort á samfélagslegri ábyrgð með framferði sínu. Fulltrúi Landspítalans í umræðunni benti á að honum bæri að nýta það fé sem honum væri ætlað á sem hagkvæmastan hátt og með því að auglýsa á samfélagsmiðlum fengist betri svörun fyrir minna fé. Með öðrum orðum; íslenskir miðlar, með dagblöðin í broddi fylkingar, væru ekki samkeppnishæfir. Á móti var honum bent á að þessi sparnaður væri á kostnað lýðræðislegrar umræðu, því fjölmiðlarnir veikjast eftir því sem tekjur þeirra minnka.

Þetta er rakið hér til að benda á hve lifandi þessi umræða er og nánast hluti af daglegu umhverfi fjölmiðla í dag. Þá kann einhverjum að þykja það þverstæðukennt að á sama tíma og ríkið og ríkisstofnanir hætta að auglýsa í íslenskum fjölmiðlum hefur ríkisvaldið sett af stað vinnu við að styrkja þessa sömu fjölmiðla í gegnum ríkissjóð.[9] Þarna gætu einhverjir freistast til að segja að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gjörir.

*Sigurður Már Jónsson*

## Tilvísanir

1 Katherine Chiglinsky og Gerry Smith: „Warren Buffett Sees Most Newspapers as 'Toast' After Ad Decline," bloomberg.com, 23. apríl 2019.

2 Sigurður Már Jónsson: Washington Post: Úr tapi í hagnað, mbl.is, 21. maí 2019.

3 „European Parliament approves new copyright rules for the internet," europarl.europa.eu, 26. mars 2019.

4 „The European Copyright Directive: What Is It, and Why Has It Drawn More Controversy Than Any Other Directive In EU History?" eff.org, 19. mars 2019.

5 „European Wikipedia sites go dark to protest copyright reform," engadget.com, 7. apríl 2018.

6 Sjá #SaveYourInternet, saveyourinternet.eu.

7 Sjá skýrsluna: Rekstrarumhverfi fjölmiðla: Tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Menntamálaráðuneyti 2018.

8 Sjá síðuna Fjölmiðlanördar á Facebook, umræða sem hófst 9. maí sl.

9 Hér er vísað til frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, með síðari breytingum (stuðningur við öflun og miðlun frétta, fréttatengds efnis o.fl.) sem mennta- og menningarmálaráðherra lagði fram á 149. löggjafarþingi 2019–2020. Þingskjal 1541, 919. mál.


# Blaðamannaklúbburinn
## – góður staður til funda- eða veisluhalda



Salur Blaðamannafélags Íslands, ***Blaðamannaklúbburinn,*** er glæsilegur nýinnréttaður salur sem hentar vel til hvers kyns funda- eða veisluhalda. Salurinn rúmar allt að 100 manns í sætum við borð og hægt er að skipta salnum í tvennt ef um minni viðburði er að ræða. Glæsilegt þjónustueldhús með öllu tilheyrandi fylgir salnum sem og snyrtiaðstaða.

Salurinn er á 3. hæð í Síðumúla 23 og í húsinu er lyfta.

Salurinn stendur félögum í Blaðamannafélaginu til boða gegn vægu gjaldi, en aðrir geta jafnframt tekið hann á leigu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Síðumúla 23 og í símum 553 9155 og 568 3155.




# Nýjar alþjóðlegar siðareglur í farvatninu

***Stefnt er að því að samþykkja nýjar alþjóðlegar siðareglur fyrir blaðamenn á þingi Alþjóðasambands blaðamanna (IFJ) sem haldið verður í Túnis 13. og 14. júní næstkomandi.***

Alþjóðlegur starfshópur kjörinna fulltrúa IFJ hefur unnið að endurskoðun gömlu reglnanna sem eru frá 1954 með það að markmiði að uppfæra þær og aðlaga breyttum fjölmiðlaheimi. Nýju reglurnar hafa um skeið verið tilbúnar í drögum og mun framkvæmdastjórn Alþjóðasambands blaðamanna (IFJ) samþykkja þær endanlega fyrir sitt leyti nú í apríl, eftir að drögin koma úr kynningu hjá aðildarfélögum IFJ, þar á meðal Blaðamannafélagi Íslands. Eftir því sem næst verður komist hafa regludrögin framkallað nokkra umræðu víða um heim, og því verður mjög spennandi að sjá hvort meiriháttar breytingartillögur koma fram. Eftir að reglurnar hafa verið samþykktar í sumar verða þær bindandi fyrir félagsbundna blaðamenn um allan heim.

## Ýmis nýmæli

Ýmis áhugaverð nýmæli er að finna í þessum reglum en mikil áhersla er á jafnvægi réttinda og skyldna blaðamanna sem skoða má sem eins konar svar við því að skilgreining á blaðamennsku hefur farið nokkuð á flakk á seinni árum. Gætir þar áhrifa aukinna möguleika fólks til að tjá sig í gegnum stafræna miðla, bæði á bloggi og í samfélagsmiðlum, þar sem alls kyns upplýsingar og skoðanir koma fram og gjarnan sett í samhengi við blaðamennsku. Aukinn þungi á skilgreindar skyldur blaðamanna ættu að vinna nokkuð gegn þessu samhliða því að það undirbyggir kröfuna um sérstök réttindi fyrir blaðamenn. Auk þess er samkvæmt þessum reglum beinlínis farið gegn gömlum gildum blaðamennsku s.s. mikilvægi þess „að vera fyrstur með frétt“, en þess í stað bent á mikilvægi þess að sannreyna heim-

UMRÆÐAN

ildir og gefa færi á andsvari. Hér er hugmyndin líklega sú að mæta breyttum aðstæðum í miðlun upplýsinga en sífellt erfiðara er fyrir fjölmiðlaneytendur að átta sig á hvaða miðill var fyrstur með tiltekna frétt, og e.t.v. mikilvægara að aðrir miðlar geti einfaldlega heimilda. Það sem hins vegar kemur sterkt fram í reglunum er að áherslan á að tryggja réttar upplýsingar og mikilvægi þess að sannreyna heimildir og gefa færi á andsvari trompar í raun mikilvægi þess að vera fyrstur.

### Áhugaverð grein um sjálfseftirlit

Sérstaklega áhugaverð er lokagreinin í þessum reglum en hún hljóðar svo: *„Í málum sem varða fagleg gildi skal blaðamaður virða lögsögu sjálfstæðs faglegs sjálfseftirlits, sem starfar fyrir opnum tjöldum og er óháð afskiptum frá stjórnvöldum eða öðrum aðilum.“* Í ljósi þess að hér er um alþjóðlegar reglur að ræða er ekki ólíklegt að þessi klásúla sé sett inn til að tryggja sjálfstæði fjölmiðla í löndum þar sem þrengt hefur verið að þeim af stjórnvöldum, t.d. í sumum Mið- og Austur-Evrópulöndum. Það er því nokkuð óvænt að þetta ákvæði alþjóðlegu reglnanna kemur beint inn í íslenskt álitamál sem er ágreiningur milli Blaðamannafélagsins og Fjölmiðlanefndar um hlutverk þess síðarnefnda. Sem kunnugt er hefur Blaðamannafélagið óskað eftir því við sinn fulltrúa að draga sig út úr starfi nefndarinnar, á meðan nefndin skilgreini það sem hluta af sínu valdsviði og sínum skyldum að meta og dæma um hvort fagleg gildi hafi verið höfð í heiðri við vinnslu fréttaefnis hjá einstökum blaða- og fréttamönnum eða þeim ritstjórnum sem þeir vinna hjá í einstökum málum.

### Ágreiningur BÍ og Fjölmiðlanefndar

Í hnotskurn snýst ágreiningurinn um túlkun og eðli 26. greinar laga um fjölmiðla, sem er um lýðræðislegar skyldur fjölmiðla. Greinin kveður m.a. á um að fjölmiðlar og blaðamenn skuli virða friðhelgi einkalífs, gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta

# Alþjóðlegur siðasáttmál

### Formáli

Réttur allra til aðgangs að upplýsingum og hugmyndum, sem er undirstikaður í grein 19 í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, er grundvöllur starfs blaðamannsins. Ábyrgð blaðamannsins gagnvart almenningi gengur framar allri annarri ábyrgð, sérstaklega ábyrgðinni gagnvart vinnuveitanda og stjórnvöldum. Blaðamennska er fag sem krefst tíma, bjarga og starfsaðstöðu – sem allt eru mikilvægir þættir fyrir sjálfstæði hennar. Í þessari alþjóðlegu yfirlýsingu eru settar fram siðareglur fyrir blaðamenn sem ná til rannsóknarvinnu, ritstýringar, miðlunar, dreifingar og álitsgjafar um fréttir og upplýsingar og til lýsinga á atburðum í hvers konar fjölmiðlum.

1. Virðing fyrir sannleikanum og rétti almennings til að vita hið sanna er meginskylda blaðamanns.
2. Þegar þessari skyldu er framfylgt skal blaðamaður ávallt verja grundvallarregluna um frelsi til að afla og birta fréttir í góðri trú, og réttinn til álitsgjafar og gagnrýni. Hann/hún gætir þess að gera skýran greinarmun á staðreyndum annars vegar og álitsgjöf og gagnrýni hins vegar.
3. Blaðamaður segir einungis fréttir byggðar á staðreyndum sem hann/hún veit hvaðan eru komnar. Blaðamaður undanskilur ekki mikilvægar upplýsingar eða falsar skjöl. Hann/hún gætir þess að sýna trúmennsku þegar greint er frá efni sem fólk, sem ekki er opinberar persónur, hefur sett fram á samfélagsmiðlum.
4. Blaðamaður notar aðeins sanngjarnar aðferðir til að afla upplýsinga, mynda, skjala og gagna og hann/hún lætur ávallt getið stöðu sinnar sem blaðamaður. Hann/hún forðast að nota falinn mynd- eða hljóðupptökubúnað, nema í þeim tilfellum sem ógerningur er að afla upplýsinga sem eru gríðarlega mikilvægar fyrir almannaheill. Blaðamaður krefst þess að fá óheftan aðgang að og rétt til að rannsaka allar staðreyndir sem varða hagsmuni almennings.
5. Hugmyndir um hraða og skjóta birtingu og dreifingu upplýsinga mega ekki skipta meira máli en að staðreyna heimildir og/eða að gefa öðrum sjónarmiðum færi á að koma fram.
6. Blaðamaðurinn skal gera það sem hann getur til að leiðrétta sem fyrst allar villur eða villandi upplýsingar sem birtar hafa verið, þannig að það sé greinilegt, tæmandi og gagnsætt.
7. Blaðamaður gætir faglegrar þagnarskyldu sinnar gagnvart heimildarmönnum sem veita upplýsingar í trúnaði.
8. Blaðamaðurinn virðir friðhelgi einkalífs. Hann/hún miðlar þá og því aðeins upplýsingum sem almennt falla undir friðhelgi einkalífs að um sé að ræða upplýsingar sem varða mikilvæga almannahagsmuni. Blaðamaður virðir mannlega reisn viðmælenda sinna og þeirra sem fjallað er um og lætur þann sem rætt er við vita hvort viðkomandi samtal eða annað efni sé ætlað til birtingar.

þess að mismunandi sjónarmið komi fram, eða það sem kalla mætti jafnvægis- og hlutlægnireglur. Hingað til hefur það verið á verksviði Siðanefndar Blaðamannafélagsins að úrskurða um álitamál sem snerta fagleg gildi, en Fjölmiðlanefnd, sem er opinber stjórnsýslunefnd, er nú farin að fjalla um þessi málefni líka. Skilningur Blaðamannafélagsins er sá að þessi grein sé til áréttingar stefnu eða anda laganna enda hafi hún verið gerð refsilaus þegar frumvarpið var samþykkt og sá skilningur hafi einnig komið fram í nefndarálitum, bæði minni- og meirihluta, þegar fjallað var um frumvarpið. Fjölmiðlanefnd lítur hins vegar svo á að henni beri að taka við öllum kvörtunum frá almenningi og nota almenna heimild sem hún fékk með lagabreytingum 2013 til að gefa út álit til að birta slík álit, eftir að hafa skoðað efnislega hvernig og hversu faglega einstaka fréttir voru unnar. Til að gera slíkt þarf nefndin að kalla eftir og fá frá blaðamönnum og öðrum sem málið snertir greinargerðir um vinnsluferilinn, viðmælendur og annað það sem snertir fréttaskrifin. Hingað til hefur það verið Siðanefnd BÍ sem hefur fjallað um álitamál um fagleg gildi blaðamennsku og svo í sumum tilvikum hafa mál einfaldlega farið fyrir dómstóla. Blaðamannafélagið telur að virða beri þá reglu sem sett er fram í 16. grein í drögunum að alþjóðlegum siðareglum enda séu afskipti opinbers stjórnvalds af faglegum gildum blaðamanna íþyngjandi fyrir blaðamenn og skerði sjálfstæði fjölmiðla, sérstaklega í ljósi þess að þetta sama stjórnvald á svo að hafa úrslitaáhrif á það hvernig hugsanlegum opinberum styrkjum til einkarekinna fjölmiðla verður úthlutað, en gert er ráð fyrir því í frumvarpsdrögum menntamálaráðherra. -BG

# li fyrir blaðamenn (drög)

Blaðamaður sýnir sérstaka gætni og tillitssemi gagnvart óreyndum viðmælendum eða viðmælendum sem eru í viðkvæmri stöðu.

9. Blaðamaður tryggir að miðlun upplýsinga og skoðana ýti ekki undir hatur eða fordóma og gerir það sem hann getur til að hvetja ekki til mismununar, t.d. á grundvelli kynþáttar, kyns, kynhneigðar, tungumáls, trúarskoðana, fötlunar, pólitískra og annarra skoðana, þjóðernis eða uppruna.

10. Blaðamaðurinn lítur á eftirfarandi sem alvarlegt brot á faglegum gildum:
    Ritstuldur.
    Að umbreyta staðreyndum.
    Slúður, rógur, meiðyrði og tilhæfulausar ásakanir.

11. Blaðamaður forðast að vera í hlutverki þess sem aðstoðar lögreglu eða aðrar öryggisþjónustur. Einungis er hægt að fara fram á að hann/hún láti í té upplýsingar sem þegar hafa verið birtar í fjölmiðlum.

12. Blaðamaðurinn sýnir samstöðu með bræðrum sínum og systrum án þess þó að gefa upp á bátinn rétt sinn til rannsókna, skylduna til að upplýsa og réttinn til gagnrýni, álitsgjafar, ádeilu eða ritstjórnarlegs valds.

13. Blaðamaðurinn má ekki nota sér tjáningarfrelsið í þágu óskyldra hagsmuna og forðast að taka við óeðlilegum ávinningi eða hagnast persónulega fyrir að dreifa eða dreifa ekki tilteknum upplýsingum. Hann/hún skal forðast – og ef svo ber undir binda endi á – hverjar þær aðstæður þar sem blaðamaðurinn lendir í hagsmunaárekstri í starfi sínu. Hann/hún skal forðast allt sambland starfa sinna við auglýsingar og áróður. Jafnframt ber honum/henni að forðast hvers kyns innherjaviðskipti eða markaðsmisnotkun.

14. Blaðamaðurinn forðast allt það sem líklegt er til að skerða sjálfstæði hans. Hins vegar ber honum að virða þær reglur og skuldbindingar sem hann/hún hefur að eigin frumkvæði gengist undir, svo sem að veita heimildarmanni trúnað, virða það sem sagt er í trúnaði (off record), tímabundið birtingarbann (embargo) svo framarlega sem þessar skuldbindingar séu skýrar og óumdeildar.

15. Blaðamenn sem verðskulda það starfsheiti, skulu líta á það sem skyldu sína að virða og fara eftir framangreindum grundvallarreglum. Ekki má þvinga blaðamann til að vinna verk eða tjá einhverja skoðun sem gengur gegn faglegri sannfæringu hans eða samvisku.

16. Í málum sem varða fagleg gildi skal blaðamaður virða lögsögu sjálfstæðs faglegs sjálfseftirlits, sem starfar fyrir opnum tjöldum og er óháð afskiptum frá stjórnvöldum eða öðrum aðilum.

# Blaðamaðurinn Einar Hjörleifsson (Kvaran)



Eftir Birgi Guðmundsson

*Í ár eru liðin 160 ár frá fæðingu blaðamannsins og rithöfundarins Einars Hjörleifssonar Kvaran. Af því tilefni eru hér rifjaður upp blaðamennskuferill Einars.*

Segja má að hinn eiginlegi blaðamennskuferill Einars Hjörleifssonar spanni 20 ára tímabil, frá 1886-1906. Á þessum tíma var meginatvinna Einars blaðamennska þó hann hafi þá, eins og raunar alltaf, haft mörg járn í eldinum. Þessi tími skipti miklu máli bæði fyrir mótun og lífssýn Einars sjálfs og fyrir þróun og mótun íslenskrar blaðamennsku. En áður en vikið er að þeim þáttum í störfum Einars sem hafa skipt mestu í ljósi sögunnar er rétt að stikla á stóru í fjölbreyttum blaðamannaferli Einars og byrja á örstuttu yfirliti:

Hann byrjaði sem meðritstjóri og stofnandi að Heimskringlu í Winnipeg 1886, en hætti í árslok 1886. Varð svo einn af stofnendum Lögbergs sem kom út í janúar 1888.

Hann kom heim til að verða meðritstjóri að Ísafold 1895 og var þar til 1901, þá fluttist hann norður í land til að verða ritstjóri og stofnandi Norðurlands og var þar frá 1901-1904. Síðan fór hann suður aftur 1904 og varð eigandi og ritstjóri Fjallkonunnar í tvö ár, frá 1904-1906. Þar með má segja að



*Einar Hjörleifsson Kvaran, einn af stofnendum Blaðamannafélags Íslands.*

blaðamennskuferli Einars ljúki, en fyrir utan þetta var hann ritstjóri Sunnanfara 1900-1901, Skírnis 1908-1909, meðritstjóri Nýju Iðunnar 1915-1916 og síðan ritstjóri Morguns, tímarits um andleg mál, frá stofnun þess 1920 og til dauðadags.

## Byrjar í Winnipeg

Blaðamannsferill Einars hófst sem sé í Winnipeg þar sem hann kom að því ásamt fleirum að taka þátt í því að stofna nýtt fréttablað fyrir Íslendinga árið 1886. Þetta var blaðið Heimskringla og var Einar þar meðritstjóri. Hann var raunar stutt við blaðið og hætti fyrir árslok þetta sama ár. Rétt er að staldra aðeins við þetta upphaf, því það er að mörgu leyti táknrænt og lýsandi fyrir það hvers vegna og á hvaða forsendum Einar „lendir í blaðamennsku“, ef svo má að orði komast. Strax og hann kom vestur í Íslendingasamfélagið í Kanada lét Einar að sér kveða, þótt hann ætti í raun lítið undir sér í veraldlegum efnum. Að mörgu leyti má segja að Einar og fjölskylda hans hafi verið í hlutverki smælingjans, fólks sem tímabundið þurfti á samhjálp samfélagsins að halda, sérstaklega eftir að Einar lenti í mikum persónulegum áföllum og sorg. Samfélagið þarna var í mótun – þetta var landnemasamfélag – þar sem tækifæri manna og staða einstaklingsins var kannski síður mörkuð eða mótuð af ætt, uppruna og félagslegri stöðu en tíðkaðist hér heima. En áhugi Einars á listum og menningu og ýmsu því sem vakti áhuga í samfélaginu og færni hans í að orða og tjá hluti höfðu vakið athygli á honum. Hann sýndi þá þegar að hann átti auðvelt með að fylla félags-

heimili og fundasali af fólki sem var tilbúið til að koma og jafnvel borga fyrir að hlusta á hann tala og flytja fyrirlestra um alvörumál. Það má kannski segja að slíkir fyrirlestrar hafi verið ákveðin tegund af fjölmiðlun, og augljóslega var slíkur maður eftirsóknarverður fyrir prentmiðil, blað, sem vildi ná mikilli útbreiðslu. Og það er einmitt af þessum ástæðum sem Einar var fenginn til að vera með í stofnun Heimskringlu. Það var ekki þannig að hann hafi sótt um vinnu á nýjum fjölmiðli sem blaðamaður, heldur var það fjölmiðillinn sem sótti hann. Einar dvaldi hins vegar stutt á Heimskringlu sem má rekja til ákveðinna flokkadrátta og fylkinga í íslenska samfélaginu og einnig þess auðvitað, að Einar var e.t.v. full stór persóna fyrir það hlutverk sem samstarfsmenn hans þarna ætluðu honum.



Lögberg.

1. AR. WINNIPEG, 14. JANUAR. 1888. NR. 1.

Manitoba & Northwestern
JARNBRAUTARFJELAG.
GOTT LAND — GÓÐUR SKÓGUR — GOTT VATN.
A. F. EDEN.
LAND COMMISSIONER,
622- MAIN STR. Winnipeg.

R. H. NUNN & CO.
443 Main Street
WINNIPEG MAN.

Heildsölu landar!

REYKDAL
& Co.

J. OLAFSSON.
225 ROSS ST.

Haraldur Johannesson
No. 186 JEMIMA St.

Almennar frjettir.

Allskonar járnvara.
W. D. Pettigrew
& Co
528 Main str. WINNIPEG MAN.

A. W. Blondell & Co.
Efnafræðingar og Lífsalar.
543 MAIN ST.
WINNIPEG.

SEYMOUR HOUSE
27 WEST MARKET St.
WINNIPEG.
JOHN BAIRD Eigandi.

S. WILLIAMS

*Forsíða Lögbergs sem Einar stofnaði og ritstýrði í Kanada.*

## Lögberg stofnað

En næsta skrefið á ferlinum var einmitt eins konar endurtekning á því fyrsta, því það voru öfl í Íslendingasamfélaginu sem vildu og voru tilbúin til að fjárfesta í nýju blaði með Einar við stýrið. Að það væri m.ö.o. nauðsynlegt þjóðþrifaverk að koma af stað blaði handa Einari – svo kraftar hans og snilli væru virkjuð. Samferðamönnum þótti ástæða til að virkja þetta stórfljót í stað þess að láta það renna óbeislað til sjávar, ef svo má segja. Og Einar varð ritstjóri og einn af stofnendum Lögbergs sem hóf göngu sína í janúar 1888, en undirbúningur hafði staðið yfir frá því fyrir jólin 1887. Einar var síðan með Lögberg næstu átta árin eða svo og gerði það blað að þýðingarmiklu þjóðfélagsafli – ekki bara í samfélagi Vestur-Íslendinga í Kanada heldur líka samfélagsumræðunni á Íslandi. Lögberg kallaðist nefnilega oft sterklega á við blöðin hér heima, enda iðulega verið að fjalla um mál sem tengdust bæði Íslendingum á Íslandi og íslenska þjóðarbrotinu fyrir vestan.

## Blaðamaðurinn

Það var í Kanada sem blaðamaðurinn Einar Hjörleifsson mótaðist og það var þar sem hann lærði grundvallaratriði blaðaútgáfunnar og kynnist líka öllum hliðum hinnar daglegu blaðamennsku. Í yfirgnæfandi stærstum hluta af því sem skrifað hefur verið um Einar, þá er verið að fjalla um hann sem skáld og rithöfund. Þegar kemur að því að fjalla um hvað hann skrifaði um sem blaðamaður, þá er það sama uppi á teningnum, það er horft til þess að hann var feiknalega duglegur að ritrýna og skrifa um bókmenntir og listir. Það var vissulega mikilvægur hluti af hans starfi, og það sem hann alla jafna hafði mestan áhuga á og að sumu leyti má segja að hann hafi fyrst og fremst verið menningarblaðamaður. Hins vegar felur blaðamennskan í sér svo miklu fleiri þætti sem Einar sjóaðist í og tileinkaði sér sem ritstjóri. Á blaði þarf að segja fréttir af stórum hlutum og smáum, það þarf að sinna þjónustuupplýsingum og það þarf að hafa vakandi eyra og auga fyrir umkvörtunum og lofi lesenda, sorgum þeirra og sigrum. Þessi Kanadaár voru því magnaður blaðamannaskóli fyrir Einar, hann var í landnemasamfélagi þar sem fjölþjóðlegir vindar blésu bæði hvað varðar rekstur og hug-


myndafræði blaða, og varðandi þjóðfélagsmál almennt.

## Höfundareinkenni

Telja má líklegt að ýmis höfundareinkenni á rithöfundinum Einari megi rekja til þess hversu nátengdur hann var í gegnum blaðamennskuna lífi almennings í landnemasamfélaginu fyrir vestan og þurfti að temja sér að hlusta eftir hjartslætti og sjónarmiðum almennings. Það má í það minnsta hugsa sér það sem viðbótarskýringu við það sem Halldór Laxness sagði í ritgerð um rithöfundinn Einar árið 1938, árið sem Einar féll frá. Þá sagði Laxness: „Þokki Einars H. Kvaran á smælingjanum virðist hafa átt sér mjög djúpar rætur í eðlisfari hans. Bestu mannlýsingar hans eru á fátækum umkomuleysingjum, og þessi staðreynd virðist benda til þess að innst inni hafi Einar H. Kvaran litið svo á að maðurinn væri í eðli sínu fátækur og umkomulaus smælingi í alheiminum.“ (Af skáldum bls. 60). Í það minnsta er óhætt sé að segja að blaðamennskan hafi átt þátt í að móta ákveðna manngildissýn hjá Einari Hjörleifssyni.

## Heimkoman

Þegar Einar kemur síðan heim til að verða meðritstjóri að Ísafold 1895 er hann orðinn þroskaður og landsþekktur blaðamaður. Björn Jónsson í Ísafold brá á það ráð að fá Einar til liðs við sig til þess að efla blaðið og styrkja og augljóst að hann sá að í því fólust mikil sóknarfæri fyrir Ísafold að virkja krafta og hæfileika Einars í hennar þágu. Skipti þá engu þótt þeir Björn og Einar hefðu átt í talsverðum deilum áður. Kemur hér aftur upp minnið um að fólki fannst blaðamannshæfileikar Einars slíkir, að það yrði að vera til vettvangur þar sem þeir fengju notið sín. Samstarf Einars og Björns á Ísafold var með eindæmum gott og þeir urðu nánir vinir og samherjar. Einar setti hins vegar strax mark sitt á blaðið t.d. með því að skrifa þingfréttir þar sem hann kvað hiklaust upp dóma yfir þingmönnum og var þetta af samtímamönnum, s.s. Hannesi



6824

NORÐURLAND.

Ritstjóri: *Einar Hjörleifsson.*

1. blað. | Akureyri, 1. október 1901. | I. ár.

*Norðurland!*

Þú *fjórðungur*, sem fyltir landið *hálft*,
í fyrri tíð — þú bjarta Norðurland!
Frá elztu tíð þú áttir með þig sjálft,
og utan frá ei þektir haft né band;
nú hýmir þú við hafsins kalda sand,
sem hreld og gömul, særð og rúin álft!

Þín Hóla-dýrð, þín háa frelsistrú,
þín heimastjórn, þín réttu fjórðungsvöld,
sem fjöri og kepni fylti' alls landsins öld,
þín fjögur klaustur, hundrað rausnarbú,
þitt aðalskyn, þín fræðimanna fjöld,
þín frægð og sómi — hvar er þetta nú?

Þitt fyrsta tjón, þitt fyrsta voða-sár,
þú fékst, er yfir bezta manns þíns hrer —
við höggstokk hans — þú feldir trega-tár,
en trúlaust, dáðlaust fleygðir síðan þér
að fótum sendum sjóræningja her,
og svörnum eiði keyptir skömm og fár!

En verst eg kveð þau kotungs-svikaráð —
það „kongavit“, er reyndist allra tjón —
er stól og skóla steypti jöfurs „náð“
og stofn þinn klipti, gamla Norðurfrón;
þeir hefðu grett sig, *Guðbrandur* og *Jón*,
ef gefist hefði að sjá þann Loka-þráð.

Þú skyldir vakna nú með nýrri tíð,
ó Norðurland, og rísa dauðum frá.
Þú átt að heimta aftur völd þín fríð,
þú áttir löngu blygðun þína að sjá.
Þú átt að boða ævarandi stríð,
unz önnur gullöld roðar fjöll þín á.

En við hvern stríða? Við þig sjálft, já sjálft!
Þú veizt þeir gömlu erfðu knappan sjóð,
en gerðu þó úr *fjórða* hluta *hálft*;
þeir höfðu trú og þrek og frjáls manns blóð. —
Ó drúp ei meir sem dæmd og rúin álft:
Með drengskap fram og nýjan guðamóð!

En fyrst og seinast vertu *þinna* vörn!
Því vissulega horfir alt í strand,
ef foreldrin ei fræða sjálf sín börn,
því fræðslan *heima* blessar þjóð og land.
*Og heima vex á hjartalífsins rót*
*það helgilyf, er skapar siðabót.*

Hef menning þína, samhug, dáð og sæmd
til sigurfrægðar, unga Norðurland!
Og verði fremd þín ferfalt meira ræmd
og frelsið *innra* giftu þinnar band.
En fánýtt er þitt frelsis skrum og raus,
sé fólkið deilt og þjóðin höfuðlaus!

*Matth. Jochumsson.*

## „Norðurland.“

Með ráði nokkurra vina minna leyfi eg mér, að því er til ritstjórnarinnar kemur, að bjóða Norðlendingum sérstaklega og Íslendingum yfirleitt nýtt blað.

Kostnaðinn við fyrirtækið ber hlutafélag, er stofnað hefir verið í sumar. Í forstöðunefnd þess félags eru Stefán Stefánsson, alþingismaður á Möðruvöllum formaður, Ólafur Briem alþingismaður á Álfgeirsvöllum og Sigurður Hjörleifsson héraðslæknir í Grenivík.

Þetta félag hefir samið við mig um ritstjórn blaðsins.

Til fyrirtækisins er stofnað af tilfinningu fyrir ríkri þörf á nýju blaði á Norðurlandi.

Þeir tímar hafa verið, er Norðurland hefir á engan hátt verið eftirbátur annarra landsfjórðunga. Á Norðurlandi hafa verið engu óglæsilegri höfðingjar veraldlegir og andlegir en annarstaðar. Á Norðurlandi hafa verið engu minni lærdómsmenn og mentafrömuðir en annarstaðar. Á Norðurlandi hefur þjóðin verið engu miður mönnuð og framtakssöm, heldur betur, en víðast eða nokkurstaðar annarstaðar á landinu.

Þeir tímar hafa verið, er öllum mönnum hefir verið þetta ljóst — svo ljóst, að Norðurland hefir verið lítið öfundaraugum eigi að eins fyrir þá djörfung, þá framtakssemi og þá menning, er þar átti heima, heldur og fyrir það, hve mikið kapp væri á það lagt, að gera mönnum þá menningu skiljanlega.

Óhætt er að fullyrða það, að Norðurland er enn í fæstum greinum eftirbátur annarra landshluta. Það sér hver maður, sem ferðast um þetta land með opnum og skynjandi angum. Það veit hver maður, sem kynnist þeirri líkamlegu og andlegu atgjörfi, sem heima á norðanlands.

En því fhugunarverðara er það, að um norðlenzka starfsemi, framtakssemi og menningu er mönnum nú orðið ókunnara en um flest annað, er færa má í frásögur af þessari þjóð.

Þetta stafar auðvitað af því, að á Norðurlandi hefir nú um nokkurn tíma ekki verið gefið út neitt fréttablað, er því nafni geti heitið. Á Suðurlandi eru þrjú öflug blöð, auk annarra smærri. Á Austurlandi tvö. Á Vesturlandi hefir um mörg ár verið gefið út blað, sem nú er reyndar flutt suður, en mun sinna Vesturlandi engu síður eftir en áður, með því að ritstjórinn er þar nákunnugur, og á þar mikil viðskifti. Samt er vissa um að eitt blað nýtt verður stofnað á Vestfjörðum í haust og líklegast tvö. Norðurland hefir orðið mjög út undan í þessu efni.

Úr þessari vöntun vill nú hið nýja blað, NORÐURLAND, bæta. Það vill leggja sérstakt kapp á að skýra frá því, er á Norðurlandi gerist, allri þeirri menningarstarfsemi, er menn hafa hér með höndum, jafnframt því sem það vonar að þurfa ekki að standa öðrum blöðum landsins á baki að því, er öðrum fréttum viðkemur.

Blöðunum er ekki eingöngu ætlað að færa lesendum sínum fréttir; þau eiga jafnframt að ræða mál þjóðarinnar.

Það liggur í hlutarins eðli, að blaðið NORÐURLAND vill einkum leggja kapp á að framfaramál Norðurlands verði rædd sem bezt. Oll atvinnumál Norðlendinga vill það gera sér sérstakt far um að styðja. Talsmaður vill það gerast fyrir öllum sanngjörnum kröfum þeirra.

En vitanlega hygst ekki hið nýja blað að binda sig við

*Forsíða Norðurlands, trúlega eins fyrsta hreinræktaða flokksblaðs á Íslandi. Einar ritstýrði blaðinu í upphafi og gerði það að áhrifamikilli rödd í samfélagsumræðunni.*

Þorsteinssyni á Þóðólfi, kallað „amerískur ritháttur“. Stíllinn var frábrugðinn því sem áður þekktist og hafa þeir fjandvinir Jón Ólafsson, ritstjóri og Alaskafari og Einar H. Kvaran, sem báðir störfuðu lengi vestan hafs í blaðamennsku og voru m.a. samtímis um skeið í Winnipeg, oft verið sagðir bera ábyrgð á hvössum og beinskeyttum, jafnvel persónulegum stíl sem tíðkaðist í blöðunum um og upp úr aldamótum (Guðjón Friðriksson, 2000).

## Stjórnmálablaðamennska

En stjórnmálin á Íslandi voru í örri þróun og þótt ýmsir hafi kvartað undan hinum „ameríska rithætti“, sagði Einar sjálfur í viðtali við Lesbók Morgunblaðsins í júní 1937 að þegar hann hafi komið frá Ameríku hafi honum fundist það „ákaflega leiðinlegt að vera hjer blaðamaður“. Stjórnmálin hafi verið litlaus og fyrirsjáanleg. Hins vegar, segir Einar síðan í viðtalinu, breyttist þetta: „Það var ekki fyrr en Valtýskan kom til sögunnar, sem lifnaði hjer yfir stjórnmálunum.“ Það má líka segja að Valtýringurinn Einar – og auðvitað Björn Jónsson – hafi verið í lykilhlutverki þegar íslensk stjórnmál klofna upp í fylkingar Valtýringa og heimastjórnarmanna. Það sem gerist á þessum tíma er í raun það að blöðin breytast frá því að vera einkamálgögn ritstjóranna – eða blaðakónganna eins og Guðjón Frið-

riksson, sagnfræðingur hefur kallað ritstjóra og eigendur blaðanna á síðari hluta 19. aldar – yfir í það að verða flokksblöð. Þau urðu blöð Valtýringa annars vegar og blöð heimastjórnarmanna hins vegar. Blaðið Norðurland, sem byrjaði að koma út á Akureyri 1901 og Einar fer norður til að ritstýra, er í raun stofnað sem flokksblað Valtýringa og er þannig eitt af fyrstu blöðunum, jafnvel það fyrsta, sem stofnað er sem hreinræktað flokksblað (Guðjón Friðriksson, 2000). Og þar er ritstjórinn, Einar Hjörleifsson.

## Norðurland

En Norðurland undir stjórn Einars, verður að mikilvægu almennu fréttaog menningarblaði og öllum virðist bera saman um að það, að virkja krafta og hæfileika Einars í blaðinu, hafi verið það sem gaf því möguleika, gerði það áhugavert og skapaði rekstrargrundvöll. Í fyrsta tölublaðinu ávarpar Einar lesendur og bendir á að blaðið eigi að vera almenns eðlis og fjalla um Norðurland og er það allt í anda sígildrar blaðamennsku. En flokkshollustan kemur einnig fram þarna því hann segir líka á einum stað: „Blöðunum er ekki eingöngu ætlað að færa lesendum sínum fréttir; þau eiga jafnframt að ræða mál þjóðarinnar“ (Norðurland 1. okt.1901).

Stjórnmál Einars hafa þegar hér er komið sögu tekið á sig ákveðna flokksmynd, og er hann þar algerlega samferða þróuninni og í raun mikilvægur gerandi í þeirri breytingu sem þarna varð á blaðamennskunni. Þegar hann svo flyst suður til að taka við Fjallkonunni eru pólitískir undirtónar í því líka og Fjallkonan verður hjá Einari eins konar framhald af því sem á undan var gengið. Þegar hann hættir með Fjallkonuna 1906 má svo segja að hinum eiginlega blaðamennskuferli hans ljúki og önnur viðfangsefni taki við.

## Áhrifamikill í blaðamennsku

Stundum er sagt að blaðamennska sé ekki starf heldur lífsstíll, og það átti sannarlega við um Einar Hjörleifsson. Í gegnum blaðamennskuárin, bæði vestan hafs og á Íslandi og þau nánu tengsl sem Einar þannig hafði við almenning og lesendur sína, mótuðust lífsviðhorf og höfundareinkenni, sem Halldór Laxness hefur sagt einkennast af virðingu fyrir manngildinu. Flestir sem með einhverjum hætti fjalla um blaðamanninn Einar Hjörleifsson nefna sérstaklega málsnilld hans og ritfærni. Þar er arfleifð hans sem blaðamanns e.t.v. hvað sterkust. Þannig segir t.d. Þorsteinn Gíslason, þáverandi ritstjóri Lögréttu, árið 1932 í grein um íslenska blaðamennsku: „Einar hafði lengi mikil áhrif í íslenskri blaðamennsku og er einn hinna ritfimustu og fjölhæfustu manna sem unnið hafa á því sviði.“ Halldór Kristjánsson skrifar grein um blaðamennsku í Blaðamannabókina 1948 og gerir þar að umtalsefni málfar og ritfærni íslenskra blaðamanna. Telur hann að þessu hafi farið mikið aftur og notar sem viðmið eins konar gullöld þegar helstu skáld og rithöfundar landsins unnu fyrir sér sem blaðamenn og skrifuðu góðan og hljómfagran íslenskan texta. Ekki er að efa að þarna er hann að vísa til Einars og fleiri hans líka, sem í áratugi hafa verið notaðir sem viðmið um það hvað sér hægt að gera vel í þessum efnum.

## Tímabil í blaðamennsku

Blaðamennskuáratugir Einars spanna einnig mikilvægt tímabil í sögu íslenskrar blaðamennsku, eða frá því að blöð voru fyrst og síðast einkamálgögn ritstjóra sinna, sem jafnframt voru eigendur, yfir í það tímabil þegar flokkadrættir í landsmálum höfðu náð undirtökum í blaðaútgáfunni. Þetta er líka það tímabil þegar segja má að til verði sérstök blaðamannastétt sem lætur að sér kveða í samfélaginu. Á báðum þessum sviðum var Einar lykilmaður. Hann var stofnandi og ritstjóri blaða í Winnipeg sem hann mótaði meira og minna samkvæmt eigin höfði og fékk menn til samstarfs við sig á grundvelli síns persónulega orðspors og vegna þess að fólk trúði á blaðamennskuhæfileika hans. Þegar hann kom aftur heim 1895 og gerist meðritstjóri hjá Birni Jónssyni á Ísafold er það upphaflega ekki vegna flokkstengsla eða skoðana, þótt bæði Einar og Björn ættu síðar eftir að taka það skref og fylkja sér og blöðum sínum í raðir Valtýringa.

## Blaðamannastétt

Tvennt má öðru fremur segja að hafi stuðlað að því að gera blaðamannastéttina að sérstakri stétt og afli í þjóðfélaginu á árunum í kringum aldamótin og kemur Einar við sögu í báðum tilfellum.

Það fyrra sem stuðlaði að afmörkun blaðamannastéttarinnar, er stofnun Blaðamannafélags Íslands árið 1897, en þar var Einar einn af sjö stofnfélögum. Nefna má að annað af helstu málum félagsins í upphafi var að koma á samræmdum stafsetningarreglum í landinu og var m.a. gefin út að tilhlutan félagsins Stafsetningarorðabók árið 1900 eftir Björn Jónsson, félaga Einars. Einar Hjörleifsson lék mikilvægt hlutverk í umræðunni um stafsetninguna sem fylgdi í kjölfarið og þar með umræðunni og meðvitundinni um tungumálið á mikilvægum tíma sjálfstæðisbaráttunnar.

Hitt atriðið sem stuðlaði að því að afmarka blaðamenn sem sérstaka stétt var Blaðamannaávarpið svokallaða árið 1906. Þar lék Einar líka stórt hlutverk og sumir segja jafnvel að hann hafi verið í aðalhlutverki og sé sá sem samdi texta ávarpsins. Blaðamannaávarpið hafði mikil og afgerandi áhrif í stjórnmálaumræðu samtímans og var talið mikilvægt innlegg í umræðuna um sjálfstæðisbaráttuna. Það afmarkaði líka blaðamenn sem mikilvæga þátttakendur í framvindu sjálfstæðisbaráttunnar og Íslandssögunnar.

Þannig var Einar Hjörleifsson á margan hátt frumkvöðull í þróun blaðamennsku á íslandi, maður sem sópaði að og lét til sín taka í stormum samtíðarinnar.

Það hefur verið mér sérstök ánægja að hafa fengið að koma hér og heiðra minningu hans. Mig langar til að óska ættingjum og afkomendunum Einars – og raunar okkur öllum – til hamingju með daginn.

*(Greinin byggir á erindi sem flutt var fyrir áratug á málþingi í tilefni af 150 ára fæðingarafmæli Einars.)*

UMRÆÐAN

# Endurgreiðsla og sérstakur stuðningur




*Lilja Alfreðsdóttir ásamt fulltrúum nokkurra staðbundinna miðla á málþingi um héraðsfréttablöð í Háskólanum á Akureyri í mars síðastliðnum.*

***Frumvarp Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra um nýjan kafla í Fjölmiðlalögum þar sem fjallað er um styrki til einkarekinna fjölmiðla var kynnt seinni hluta maímánaðar. Umsýsla og úthlutun styrkja bætist við verkefni fjölmiðlanefndar.***

Að sögn ráðherrans er stefnt að því að koma frumvarpinu í gegnum þingið þannig að hægt verði að virkja endurgreiðslukerfið sem þar er lagt til á næsta ári, en óvíst er um framvindu mála vegna tafa sem orðið hafa á þingstörfum í vor.

## Tvenns konar stuðningur

Frumvarpið í þeim búningi sem það fór inn á þing felur í sér tvenns konar stuðning við einkarekna fjölmiðla, allt að 25% endurgreiðslu á framleiðslukostnaði ritstjórnarefnis og sérstakan stuðning sem felur í sér 5,15% af launum blaðamanna sem falla undir lægra skattþrep tekjuskattsstofns. Sú upphæð sem um er að tefla er samkvæmt frumvarpinu um 350 milljónir króna vegna endurgreiðslu kostnaðar og um 170 milljónir vegna hins sérstaka stuðnings, eða samtals um 520 milljónir króna. Þessi 5,15% sérstaki stuðningur af launum svarar til þess tryggingagjalds sem í dag er greitt, þannig að í raun er verið að tala um niðurfellingu tryggingagjalds af launum blaðamanna upp að efra skattþrepi í tekjuskattsstofni. Endurgreiðsla sem nemur 25% af framleiðslukostnaði ritstjórnarefnis er hins vegar sambærileg ráðstöfun og verið hefur í gangi gagnvart bókaútgáfu og kvikmyndaiðnaðinum.

## Mun minna en í kvikmyndir

Upphæðir eru athyglisverðar varðandi þessa endurgreiðslu og má t.d. nefna að endurgreiðslur til kvikmyndaverkefnisins Ófærð 2 nam á þessu ári um 334,5 milljónum eða nánast því sama og áætlað er að endurgreiða öllum fjölmiðlum og úthlutun Kvikmyndamiðstöðvar það sem af er árinu er alls rúmar 470 milljónir, eða um 50 milljónum minna

en áætlað er í heild til fjölmiðla. Í frumvarpinu er sett þak á endurgreiðslur til hvers fjölmiðils, þannig að ekkert eitt fjölmiðlafyrirtæki getur fengið meira en 50 milljónir endurgreiddar. Hins vegar er ekki þak á hinum sérstaka stuðningi og má gera ráð fyrir að stóru miðlarnir muni þá fá megnið af þeim greiðslum, enda með flesta starfsmenn í vinnu. Því má gera ráð fyrir að styrkurinn til stærri fjölmiðlafyrirtækjanna verði mun meiri en til þeirra smærri, þar sem líklegt er að þau muni fá endurgreiðslur sem nema 50 milljóna hámarkinu auk þess sem þau fá bróðurpartinn af sérstaka stuðningnum.

## Mikilvægt fyrir staðbundna miðla

Raunar er greinilegt að þessi sérstaki stuðningur, sem bætt var inn í eftir að frumvarpið var fyrst kynnt í samráðsgátt stjórnvalda, kemur til móts við gagnrýni stóru miðlanna þess efnis að þeir fengju hlutfallslega lítið út úr þessu kerfi. Smærri miðlar hins vegar hafa almennt verið ánægðir með frumvarpið og á málþingi við Háskólann á Akureyri í vor þar sem menntamálaráðherra kynnti frumvarpið fyrir fulltrúum staðbundinna miðla var greinilegt að forsvarsmenn svæðisbundinna miðla binda miklar vonir við frumvarpið, og að það geti jafnvel skilið milli lífs og dauða hjá gamalgrónum héraðsmiðlum.

## Norrænn samanburður og vsk.

Þær almennu hugmyndir sem koma fram í frumvarpinu, um að eðlilegt sé að styðja einkarekna fjölmiðla, njóta víðtæks stuðnings í samfélaginu þó ekki séu allir á eitt sáttir í þeim efnum og skiptar skoðanir um útfærslu. Slíkur stuðningur hefur verið lengi til staðar á hinum Norðurlöndunum í ýmsu formi og er m.a. rakið í greinargerð frumvarpsins hvernig stuðningi er háttað þar. Ein leiðin sem nefnd hefur verið til stuðnings fjölmiðlum hefur verið afnám virðisaukaskatts en á sumum Norðurlöndunum ber tiltekin fjölmiðlastarfsemi lítinn eða engan slíkan skatt. (Sjá töflu 1). Í umræðum um stuðning hér á landi hefur verið bent á að skattaafsláttur af áskriftartekjum muni ekki gagnast öllum fjölmiðlum auk þess sem upphæðir gætu orðið mjög háar.

Ef litið er til nettó virðisaukaskatts (innskattur að frádregnum útskatti) af áskriftum sem eru í neðra skattþrepi vsk. í dagblaðarekstri, yrði endurgreiðslan einhvers staðar í kringum 700 milljónir. Miklu hærri tölur væri um að ræða ef um virðisaukaskatt af veltu fjölmiðlafyrirtækja væri að ræða eins og sjá má af tölum sem birtust í skýrslu með tillögum nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla frá 2018 þar sem fjallað er um dagblaðaútgáfu (10 fyrirtæki). (Sjá töflu 2).

Því má segja að sú niðurstaða sem felst í frumvarpinu sé fremur hógvær hvað upphæðir varðar, bæði á norrænan mælikvarða og aðra þá mælikvarða sem ræddir hafa verið í þessu samhengi.

## Skilyrði endurgreiðslu

Endurgreiðsla framleiðslukostnaðar er háð ýmsum skilyrðum sem flest hver eru almenn og mælanleg. Má þar nefna t.d. að miðillinn þarf að vera skráður og hafa starfsleyfi þurfi þess, prentmiðlar þurfa að koma út að lágmarki 48 sinnum á ári, það þurfa að starfa a.m.k. 3 í fullu starfi á ritstjórn en a.m.k. einn á staðbundnum miðlum, miðillinn þarf að hafa staðið skil á skýrslugjöf til fjölmiðlanefndar og má ekki vera í vanskilum vegna opinberra gjalda. Önnur skilyrði eru hins vegar matskenndari og sum hver verulega matskennd. Þar má nefna að efni þarf að „vera fjölbreytt og fyrir almenning á Íslandi“, að 1/6 hluti efnis í prent- og netmiðlum og fréttatengds efnis í ljósvakamiðlum skal byggja á sjálfstæðri frétta- og heimildaöflun, og að „aðalmarkmið prent- og netmiðla skal vera miðlun frétta, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg málefni. Hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu miðla frá sjálfstæðri fréttastofu daglega nýjum fréttum eða fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni“ (62. gr.). Hér þarf skýrar skilgreiningar á hvað telst fjölbreytt efni, hvað er fréttatengt og hvað er sjálfstæð frétta- og heimildaöflun, svo dæmi séu tekin.

## Aukið vald fjölmiðlanefndar

Framkvæmd laganna verður í umsjón fjölmiðlanefndar sem tekur við umsóknum og leggur mat á þær og hvort ofangreindum skilyrðum er fullnægt. Þessi þáttur bætist þá við aðra starfsemi nefndarinnar sem er meðal annars skráning, utanumhald og hagskýrslugerð hvað varðar fjölmiðla auk eftirlitshlutverks með ýmsum ákvæðum fjölmiðlalaganna, t.d. um viðskiptaboð í dagskrárefni og kostun, að ógleymdum þeim þætti sem BÍ hefur gagnrýnt, að gefa út álit um vinnubrögð blaðamanna samkvæmt 26. gr. fjölmiðlalaganna sem fjalla um lýðræðislegar skyldur fjölmiðla. Þar með er valdsvið fjölmiðlanefndar aukið verulega, og eitt og sama stjórnvaldið fer með eftirlit með vinnubrögðum og innihaldi fjölmiðla og hefur framkvæmdavald um ákvarðanir um styrki og fjárhagslegan stuðning. Í ljósi yfirlýsinga BÍ og þess að fulltrúi félagsins tekur ekki þátt í stöfum nefndarinnar undir núverandi stefnu hennar, má búast við að þessi útfærsla á framkvæmd verði umdeild þegar umræða um frumvarpið nær sér á strik í þinginu. -BG

| Viðröðiskaukaskattur á fjölmiðla - Norðurlönd | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Danmörk | Svíþjóð | Noregur | Finnland | Ísland |
| Almennur vsk. | 25% | 25% | 25% | 24% | 24% |
| Lægra þrep vsk. | | 6% | 10% | 10% | 11% |
| Dagblöð (prentuð) | | 6% | | 10% | 11% |
| Dagblöð lausasala | | 6% | | 24% | 11% |
| Tímarit (prentuð) | 25% | 6% | 25% | 10% | 11% |
| Tímarit lausasala | 25% | 6% | 25% | 24% | 11% |
| Rafræn blöð og tímarit | 25% | 6% | | 24% | 11% |
| Sjónvarp - áskrift | 25% | 25% | 25% | 24% | 11% |

*Tafla 1 Samanburður á virðisaukaskatti á fjölmiðla eftir fjölmiðlaflokkum og löndum.*

| Dagblaðaútgáfa 2016 (í milljónum króna á verðlagi 2016) | | | |
|---|---|---|---|
| Velta almennt þrep | 8.846 ISK | Velta neðra þrep | 6.449 ISK |
| Skattskyld velta alls | 15.295 ISK | Útskattur | 2.833 ISK |
| Innskattur | 1.555 ISK | Útskattur mínus innskattur | 1.278 ISK |

*Tafla 2 Upphæðir virðisaukaskatts af dagblaðaútgáfu árið 2016. Áskriftagjöld eru í lægra þrepi virðisaukaskatts en önnur starfsemi í efra þrepi.*

*(Heimild: Skýrslan Rekstrarumhverfi fjölmiðla Tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, 2018)*

# Kveikur ekki brotlegur

*Siðanefnd BÍ*
*– Úrskurður í máli nr. 3/2018-2019.*

***Kærendur:***
*Menn í vinnu ehf. (hér eftir MIV).*
***Kærðir:***
*Ritstjórn Kveiks, umsjónarmenn Kastljóss, Helgi Seljan og fréttastofa RÚV.*
***Kæruefni:***
*Umfjöllun um starfsmannaleiguna MIV í Kveik 2. október 2018 og Kastljósi 4. október 2018 og ummæli Þóru Arnórsdóttur á visir.is.*

## Málsmeðferð

Málið var kært með bréfi dagsettu 24. október 2018. Leitað var andsvara kærðu og bárust þau 12. nóvember. Leitað var frekari svara/gagna hjá kærðu 20. nóvember og bárust þau 29. nóvember. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 30. október, 13. nóvember, 20. nóvember og 17. desember 2018. Innan siðanefndar vék Björn Vignir Sigurpálsson sæti vegna vensla við einn hinna kærðu og tók Jóhannes Tómasson sæti hans.

## Málavextir

Í ítarlegu kærubréfi MIV eru umkvörtunarefni fyrirtækisins sett fram í 10 tölusettum liðum auk almennra athugasemda er snerta umfjöllun um kæranda í fjölmiðlunum. Verða umkvörtunarefnin hér rakin í aðalatriðum og greint frá kjarna andsvara hinna kærðu samhliða.

1. Kærendur telja það rangfærslu að í Kveiks-þættinum hafi þrír nafngreindir Rúmenar „síðustu mánuði starfað í byggingarvinnu á höfuðborgarsvæðinu, sinnt gluggaskiptingum við Landspítalann og unnið við byggingarsvæði hjá Smáralind.“ Rétt sé að þeir hafi unnið 3-4 daga við Smáralind og 2-5 daga við Landspítalann. Kærðu segja óumdeilt að mennirnir hafi starfað hér umræddan tíma og á þessum stöðum.
2. Kærendur telja það rangfærslu að í Kveiks-þættinum hafi starfsmenn starfsmannaleigunnar búið allt að sex saman í herbergi og borgað hátt í 80 þúsund krónur í leigu og haft allt að níu saman bíl til umráða og greitt 10 þúsund krónur hver fyrir þau afnot. Hvergi búi sex menn saman í herbergi og 80% starfsmanna búi í tveggja manna herbergjum. Meðalleigan sé um 48 þúsund krónur og enginn starfsmaður sé skyldugur til að leigja, hvorki herbergi né bíl af kæranda. Kærðu segja að því hafi aldrei verið haldið fram að starfsmenn væru neyddir til að greiða fyrir húsnæði eða bíl. Fullyrðingar um annað séu rangar. Umfjöllunin hafi byggst á launaseðlum og viðtölum við þrjá starfsmenn auk samtala við fleiri. „Umfjöllunin tók því til þess en ekki annars“ segir í andsvörum kærðu. Þess utan hafa kærðu undir höndum auglýsingu frá fyrirtækinu sjálfu til fólks í Rúmeníu um húsnæðisleigu upp á 450 til 650 evrur á mánuði, auk þrifagjalds.
3. Kærendur telja það ranga staðhæfingu í Kveiks-þættinum að „allir greiða þeir“ sjö þúsund krónur til vinnuveitanda síns fyrir líkamsræktarkort „óháð því hvort þeir nýta það“ heldur greiði þeir einir sem vilji fá slík kort. Kærðu svara því til að „starfsmennirnir sem við ræddum við lýstu því þannig að líkamsræktarkortin væru kynnt þeim sem sérstakt tilboð (og) ...að þeir þyrftu sérstaklega að óska eftir því að þiggja tilboðið ekki þegar þeir hófu störf“.
4. Kærendur telja það rangfærslu í Kveiks-þættinum að MIV „sektar starfsfólk allt að 15 þúsund krónur vakni grunur um að þeir hafi reykt í bílum starfsmannaleigunnar.“ Kærendur segja slíka sekt aðeins hafa verið lagða á tvo starfsmenn. Kærðu lögðu fram gögn um álagningu slíkrar sektar.
5. Kærendur telja það ranga staðhæfingu þegar kærði Helgi Seljan hefur eftir Rúmenunum að „þá grunar einnig að fluggjaldið sem þeir endurgreiða vinnuveitanda sínum sé ofrukkað.“ Kærðu segja þetta „einfaldlega byggt á frásögn þeirra sjálfra og athugun á kostnaði við flug á sama tíma, sem var talsvert undir því sem þeir greiddu. Engin gögn bárust frá Mönnum í vinnu sem afsönnuðu þennan grun starfsmannanna.“
6. Kærendur telja það ranga staðhæfingu þegar kærði Helgi Seljan segir „eins virðist málum blandið um afdrif orlofs sem dregið er af þeim og jafnvel lagt inn á mismunandi reikninga milli mánuða“. Kærendur segja allt orlof lagt inn á reikninga starfsmanna. Kærðu fullyrða að „allir starfsmenn MIV sem Kveikur ræddi við lýstu áhyggjum af orlofsgreiðslum til sín“ og gögn sýni greiðslur inn á mismunandi reikninga.
7. Kærendur telja það ranga staðhæfingu þegar kærði Helgi Seljan segir að starfsreynsla og menntun virðist litlu skipta í launakjörum. Kærendur segja aðeins 10% starfsmanna vera á byrjunarlaunum og að aðeins tvo starfsmenn í dag geti talist með starfstengda menntun eða réttindi. Kærðu

benda á að á annan tug launaseðla hafi verið skoðaðir, að enginn viðmælenda Kveiks hafi haft hærri tekjur en 1.600 krónur á tímann og að hér sé byggt á orðum viðmælendanna um kjör þeirra og samstarfsmanna þeirra.

8.-9. Þessir kæruliðir lúta að samtvinnun fyrirtækjanna Verkleigunnar og MIV í umfjöllun Kveiks og Kastljóss. Í lið 8 lýtur kæra að því að orðalag kærða HS þess efnis að „eigandi Verkleigunnar“ hafi rekið stjórnendur fyrirtækisins, það síðan farið í skattrannsókn og síðan í þrot. Í lið 9 er eftirfarandi setning kærða, Helga Seljan, sögð röng: „Fyrrverandi stjórnendur Verkleigunnar reka nú áðurnefnda starfsmannaleigu Menn í vinnu“. Telja kærendur að þarna séu þeir sakaðir um „kennitöluflakk“ – en staðreyndin sé sú að engir eigendur eða stjórnendur Verkleigunnar hafi komið að stofnun MIV, heldur einungis almennir starfsmenn. Kærðu segja gögn ótvírætt styðja við fullyrðingu um að daglegir stjórnendur rekstrar Verkleigunnar stýri MIV í dag, gögn sem sýnd voru og frekari gögn í þeirra höndum sýni það. Siðanefnd kallaði sérstaklega eftir viðbótargögnum vegna þessa og bárust þau Siðanefnd 29. nóvember.

10. Kærendur telja það ranga staðhæfingu kærðu, Þóru Arnórsdóttur, að „þeir“ fái greiddan lægsta mögulega taxta án tillits til menntunar. Siðanefnd telur að hér sé átt við yfirlýsingu á visir.is (http://www.visir.is/g/2018181009542) en hún fylgir ekki kærugögnum. Kærðu segja að af öllum þeim launaseðlum sem Kveikur hafi séð og samtölum við starfsmenn MIV hafi Kveikur ekki eitt einasta dæmi um starfsmann sem er á hærri launum en 1.600 krónum á tímann. Hafi endursögn Helga Seljans og svar Þóru Arnórsdóttur í kjölfarið byggst á orðum starfsmannanna sjálfra, meðal annars af kjörum félaga sinna. Einnig er vísað til svara framkvæmdastjóra Samiðnar í umfjölluninni um að samkvæmt Evrópureglum beri að túlka starfsnám vítt og samkvæmt skilyrðum heimalands viðkomandi. Á því væri verulegur misbrestur hér á landi.

11. Þá skal getið þess umkvörtunarefnis, ótölusetts en hér nefnt nr. 11, að kærði Helgi Seljan hafi í Kastljósþættinum „sakað fyrirtækið um lögbrot í viðtali við forstjóra Vinnumálastofnunar [VMST] í Kastljósinu.“ Kærði Helgi Seljan segir þetta ósatt. Hann hafi einfaldlega spurt staðgengil forstjóra VMST hvort það væri lögbrot „að rukka starfsmenn um kostnað eins og bíla eða ferðir til og frá vinnu“ og hafi þar byggt á svari VMST til sín í tölvupósti nokkrum dögum fyrr.

## Umfjöllun

Kærðir eru ritstjórn Kveiks, umsjónarmenn Kastljóss, Helgi Seljan og fréttastofa RÚV. Siðanefnd fær ekki séð að neinn tilgreindra kæruliða geti réttilega talist beinast að fréttastofu RÚV og er kæru gegn henni vísað frá.

Allnokkrir úrskurðir hafa í áranna rás undirstrikað að það er hlutverk fjölmiðla að greina frá því sem miður fer í samfélaginu. Umfjöllun um meðferð á erlendum farandverkamönnum af hálfu íslenskra fyrirtækja, m.a. starfsmannaleiga, og meint brot á lögum og reglum á fullt erindi til almennings enda mikilvægt hlutverk fjölmiðla að veita slíkum aðilum aðhald og kærendum gafst kostur á að koma sjónarmiðum sínum að.

Kærðu leituðu víða fanga og reiddu fram bæði gögn og vitnisburði um ýmsar brotalamir í málefnum starfsmannaleiga á Íslandi, m.a. frá verkalýðshreyfingunni og opinberri eftirlitsstofnun. Þá gafst kærendum kostur á að koma sjónarmiðum sínum að. Í öllum meginatriðum telur Siðanefnd að hin kærðu hafi viðhaft viðunandi fagleg vinnubrögð. Í nokkrum atriðum gætir samt þó nokkurrar ónákvæmni í lýsingum eða viðhaft er orðalag sem mætti flokka sem óljóst og hefði mátt setja skýrar fram. Ýmis ummæli þar sem vitnað er beint eða óbeint í viðmælendur kærðu hefði mátt rannsaka betur. Á þetta ekki síst við um kærulið nr. 3. Að mati Siðanefndar eru þessi atriði þó ekki þess eðlis að telja megi þau siðareglubrot og styðja nokkrir nýlegir úrskurðir slíka niðurstöðu. Einkum má nefna úrskurð í máli nr. 1/2014-2015, þar sem segir: „Eðli málsins samkvæmt þarf iðulega að fara hratt yfir sögu í umfjöllun af þessu tagi. Sjaldan gefst tími til að fara í nákvæmar útlistanir og einfalda þarf flókna hluti. Oft er það einnig eðli fréttaskýringa í sjónvarpi að framsetning og efnistök eru ágeng. Slíkt má þó ekki verða á kostnað staðreynda og nákvæmni upplýsinga“. Þetta telur Siðanefnd að eigi við um kæruliði nr. 1-3, nr. 5, nr. 7 og nr. 10. Siðanefnd telur hafið yfir vafa að siðareglur voru ekki brotnar hvað kæruliði 4, 6, 8 og 11 varðar; sektað var fyrir reykingar í bíl, orlof viðmælenda var lagt inn á mismunandi reikninga sem þeir könnuðust ekki við sem sína, stjórnendur Verkleigunnar voru reknir og fyrirtækið fór síðan í skattrannsókn og í þrot og orðalag stjórnanda Kastljóss í spurningu til talsmanns Vinnumálastofnunar var eðlilegt.

Stendur þá eftir kæruliður nr. 9, um að fullyrðingin „Fyrrverandi stjórnendur Verkleigunnar reka nú áðurnefnda starfsmannaleigu Menn í vinnu“ sé röng. Gögn, sem lögð hafa verið fyrir Siðanefnd, bera með sér að tiltekinn einstaklingur hafi ekki einungis verið daglegur stjórnandi og talsmaður Verkleigunnar heldur einnig talið sig vera helmings eiganda fyrirtækisins en viðkomandi sinnir nú daglegri stjórnun MIV. Ályktun kærðu blaðamanna stenst því að hluta til þótt hér gæti líka ónákvæmni þar sem einungis hefur verið sýnt fram á að um einn sameiginlegan stjórnanda var að ræða þótt fleiri starfsmenn tengist báðum fyrirtækjum.

## Úrskurður

Kærðu teljast ekki hafa brotið siðareglur BÍ.

*Reykjavík, 17. desember 2018,*
*Hjörtur Gíslason,*
*Ásgeir Þór Árnason,*
*Jóhannes Tómasson,*
*Friðrik Þór Guðmundsson,*
*Róbert H. Haraldsson.*

# Ekki brot gegn siðareglum

*Siðanefnd BÍ*
*– Úrskurður í máli nr. 5/2018-2019.*

***Kærandi:***
*Hildur Líf Higgins.*
***Kærði:***
*Einar Þór Sigurðsson, ritstjóri DV.*
***Kæruefni:***
*Umfjöllun um kæranda í greininni „Furðuleg og erfið mál í réttarsal“ sem birtist í DV 1. mars 2019 á bls. 52 og 54, ásamt kynningu á forsíðu, og netútgáfa greinarinnar á vef DV 4. mars 2019 undir fyrirsögninni „Eftirminnilegustu dómsmálin: Neitaði að hafa misskilið sig“. Umfjöllunin 1. mars og 4. mars er endursögn og endurbirting á forsíðufrétt í helgarblaði DV, 31. ágúst - 1. september 2011 („Farðað yfir áverka“), nærmynd af kæranda í helgarblaði DV 9.-11. sept. 2011 („Skynsöm lítil prinsessa“) og stuttri klausu („Hildur Líf mormóni“) í helgarblaði DV 30. sept. - 2. okt. 2014.*

## Málsmeðferð

Málið var kært með tölvubréfum sem bárust Blaðamannafélagi Íslands 8., 11., og 12. mars 2019. Leitað var andsvara kærða og bárust þau 16. maí. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 4. apríl og 23. maí 2019.

## Málavextir

Í tölvubréfum sínum til Blaðamannafélags Íslands lýsir kærandi margvíslegri óánægju vegna umfjöllunar DV þann 1. og 4. mars sl. Má í grófum dráttum skipta aðfinnslum kæranda í þrennt. Í fyrsta lagi gerir kærandi athugasemdir við að DV skuli enn og aftur bendla sig við sakamál frá árinu 2011 sem hún tengdist ekki á nokkurn hátt nema sem vitni í málinu. Í öðru lagi gerir kærandi athugasemdir við myndbirtingu. Kærandi segir að hún hafi gert skriflegt samkomulag við starfsmann DV á sínum tíma um að nota ekki aftur tilteknar myndir frá 2011. Hafi það samkomulag verið brotið með myndbirtingum í kærðri umfjöllun 2019. Í þriðja lagi gerir kærandi athugasemdir við að rangt sé farið með ýmis efnisatriði um sig í umfjöllun DV. Kærandi gerir þannig athugasemdir við fullyrðingar DV um að hún hafi verið í stresskasti inni á salerni í dómssal árið 2011, og að hún hafi flutt til Bandaríkjanna og tekið upp mormónatrú. Þá gerir kærandi athugasemd við að DV hafi tekið upp tilvitnun úr tímaritinu Samúel þar sem ranglega var vitnað til orða hennar og loks að rangt sé farið með starfsheiti hennar (að hún sé „bara stílisti og förðunarfræðingur“).

Í andsvari sínu fer ritstjóri DV fram á að kærunni verði vísað frá siðanefnd vegna vanreifunar. Í kærunni skorti lýsingar á því sem DV á að hafa gert rangt. Kærandi hafi ekki útskýrt hvaða „alvarlegar ásakanir í sinn garð“ DV hafi birt. Greinin sé upprifjun á dómsmáli sem kærandi hafi tengst sem vitni á sínum tíma. Hvergi í greininni sé því haldið fram að kærandi væri grunuð um eitthvert saknæmt athæfi. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að DV hafi gert samkomulag við kæranda um myndbirtingu. Enga slíka fyrirvara sé að finna í myndasafni DV. Þá sé ekkert efnislega rangt við umfjöllunina árið 2011 og minnist ritstjóri þess ekki að athugasemdir hafi verið gerðar við þá umfjöllun á sínum tíma.

## Umfjöllun

Siðanefnd telur kæruna tæka til efnislegra umfjöllunar. Eins og ráða má af ofangreindri lýsingu á málavöxtum eru efnisatriði hennar nokkuð skýr. Löng hefð er einnig fyrir því að siðanefnd taki kærur til efnislegrar umfjöllunar jafnvel þótt kæruefni hafi ekki verið ýkja vel afmarkað og ekki hafi verið getið siðareglugreina sem kærandi telur að brotnar hafi verið.

Umfjöllun DV þann 1. mars 2019 er efnislega samhljóða umfjölluninni úr helgarblaði DV árið 2011. Í hvorugri greininni er því haldið fram að kærandi hafi legið undir grun um saknæmt athæfi. Í báðum greinum kemur skýrt fram að kærandi hafi verið kölluð til sem vitni. Markmið greinarinnar í DV árið 2019 sé „að rifja upp eftirminnileg [saka]mál í gegnum tíðina sem einnig ættu að kitla hláturstaugarnar“. Er kæranda lýst sem spaugilegu vitni, og tekin eru nokkur dæmi um önnur sakamál sem hafa spaugilegar hliðar. Siðanefnd hefur undir höndum afrit af smáskilaboðum frá kæranda þar sem hún staðhæfir við fyrrverandi starfsmann DV að þau hafi gert með sér skriflegan samning um að nota ekki viðkomandi myndir af kæranda. Siðanefnd hefur ekki undir höndum þennan samning eða önnur gögn sem sýna að slíkt samkomulag hafi verið gert. Sú meinta ónákvæmni sem kærandi tilgreinir í umfjöllun DV er í öllum tilvikum endurbirting á umfjöllun frá árinu 2011 og 2014. Er þar um að ræða áðurnefnda grein í helgarblaði DV 2011 („Farðað yfir áverka“), nærmynd af kæranda í helgarblaði DV 9.-11. sept. 2011 („Skynsöm lítil prinsessa“) og stutta klausu („Hildur Líf mormóni“) í helgar-

blaði DV 30. sept. - 2. okt. 2014. Hin meinta ónákvæmni virðist óveruleg, t.d. um að kærandi búi í USA (hið sanna sé að hún búi bæði á Íslandi og USA) og að hún sé mormóni (hið sanna sé að hún tilheyri LDS kirkjusöfnuðinum sem oft er kenndur við mormónakirkjuna) – en þessi tvö efnisatriði eru endurbirt í netútgáfu DV 4. mars sl. Tvö önnur efnisatriði sem kærandi tilgreinir sem ónákvæmni eru endurbirt í greininni frá 1. mars 2019, annars vegar ummælin um stresskastið og hins vegar tilvitnunin úr Samúel. Ummæli um stresskastið voru höfð eftir þingverði í greininni 2011 og kærandi útskýrir ekki hvað sé rangt við tilvitnuð ummæli úr Samúel. Það virðist líka rétt að kærandi hafi starfað sem stílisti og förðunarfræðingur. Af kærunni má einnig ráða að kærandi telur að DV hafi lagt sig í einelti. Ekki verður séð að það eigi við rök að styðjast þar sem umfjöllun DV takmarkast að mestu leyti við haustið 2011 (tvær greinar) og kærða grein frá 2019. Af öllu þessu virtu verður ekki séð að DV hafi í umfjöllun sinni um kæranda gerst brotlegt við siðareglur BÍ þótt ekki verði séð hvaða tilgangi það þjóni að kitla hláturstaugar lesenda á kostnað kæranda eftir öll þessi ár.

## Úrskurður

Kæði telst ekki hafa brotið siðareglur BÍ.

*Reykjavík, 23. maí 2019,*
*Björn Vignir Sigurpálsson,*
*Hjörtur Gíslason,*
*Ásgeir Þór Árnason,*
*Friðrik Þór Guðmundsson,*
*Róbert H. Haraldsson.*

# Ámælisvert brot Fréttablaðsins

*Siðanefnd BÍ*
*– Úrskurður í máli nr. 6/2018-2019.*

***Kærandi:***
*Hrefna Ingvarsdóttir.*
***Kærðu:***
*Sveinn Arnarsson blaðamaður og ritstjórn Fréttablaðsins.*
***Kæruefni:***
*Forsíðufrétt Fréttablaðsins 19. mars 2019 undir fyrirsögninni **„Auglýsa eftir brjóstamjólk handa huldubarni“** og höfnun Fréttablaðsins á ósk kæranda um leiðréttingu.*

## Málsmeðferð

Málið var kært með tölvubréfum sem bárust BÍ 19. og 21. mars 2019. Í kjölfarið samþykkti siðanefnd með tölvupóstasamskiptum að málið væri tækt til efnislegrar umfjöllunar. Leitað var andsvara kærðu og bárust þau frá bæði lögmanni Fréttablaðsins, 16. maí og blaðamanninum 15. maí. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 4. apríl og 23. maí 2019.


## Málavextir

Hin kærða frétt birtist á forsíðu Fréttablaðsins 19. mars 2019. Kærandi telur að blaðamaðurinn hafi viðhaft meiðandi skrif og valdið fjölskyldu sinni „óþarfa áhyggjum og angist“ og því brotið 3. grein siðareglna BÍ. Fjölskyldan hafi sannarlega þurft að glíma við alvarleg og lífsógnandi veikindi barnabarns kæranda. Það hafi valdið óþarfa sársauka að bendla þeirri neyð fjölskyldunnar við áhuga ótilgreinds vaxtaræktarfólks á brjóstamjólk og gefa í skyn að ósk fjölskyldunnar til „mömmuhópa“ á samfélagsmiðlum sé blekkingaleikur af hálfu slíks fólks. Afleiðingin hafi verið sú, að margar mömmur hafi hætt að gefa fjölskyldunni brjóstamjólk, sem dauðvona barnið þurfti á að halda. Túlka verður kæruna svo, að hún nái einnig til þess að ritstjórn blaðsins hafi ekki fylgt málinu eftir og leiðrétt eftir að réttar upplýsingar voru fram komnar, enda þá komin staðfesting á að óskin um brjóstamjólk var ekki frá vaxtaræktarfólki komin.

Andsvör bárust frá bæði lögmanni útgefanda, Einari Þór Sverrissyni og Sveini Arnarssyni blaðamanni. Í andsvari sínu hafnar Sveinn því að frétt hans feli í sér brot á siðareglum BÍ. Sagt sé frá umræðu í samfélaginu og talað við tvo yfirmenn á Landspítalanum, sem ekki vissu af slíku tilfelli, að veikt barn þyrfti á mjólk að halda. Í fréttinni sé haft eftir öðrum þeirra að ef barn þurfi á læknisaðstoð að halda sé mikilvægt að heyra í spítalanum. Hinn yfirmaðurinn hafi tiltekið tvo möguleika, barn þyrfti hjálp eða að ***„einhverjir séu að reyna að komast yfir brjóstamjólk í einhverjum öðrum tilgangi“***. Sveinn hafnar því að hafa verið dónalegur við kæranda og segir kæranda ekki hafa í símtali við sig óskað eftir leiðréttingu og að þeir

myndu fjarlægja eða leiðrétta hina kærðu frétt. Þegar hann í samtalinu sá að þau myndu *„ekki á nokkurn hátt ná einhverri niðurstöðu bað ég hana vinsamlega að betra væri að heyra í yfirmanni eða útgefanda vegna fréttarinnar“*. Sveinn undirstrikar að góðar heimildir séu að baki fréttinni og að í henni séu engir nafngreindir. Loks bendir Sveinn á að það sé *„ekki blaðamaður sem setur efni á forsíðu blaðsins heldur aðrir hærra settir“*.

Lögmaður Fréttablaðsins leggur áherslu á að ekkert sé rangt í hinni kærðu frétt. Hins vegar hafi komið í ljós *„1 eða 2 dögum síðar að einhver samskiptavandi hafði verið innan vökudeildar, sem Fréttablaðið og starfsmenn ritstjórnar geta ekki borið ábyrgð á“*. Lögmaðurinn segir allt rétt hvað ásókn vaxtarætarmanna í brjóstamjólk varðar. *„Um er að ræða frétt, þar sem allar staðreyndir eru réttar“* og ekki hægt að hafa samband við aðstandendur barnsins, þar sem ekki var vitað hvaða barn um væri að ræða. Lögmaðurinn segir ritstjóra Fréttablaðsins ekki kannast við að kærandi hafi reynt að ná í sig, en Kjartan Hreinn Njálsson hafi rætt við kæranda og greint þar frá sjónarmiðum fjölmiðilsins.



## Umfjöllun

Í hinni kærðu frétt er sagt frá ósk ónafngreinds fólks til „mömmuhópa“ samfélagsmiðla um brjóstamjólk til handa dauðvona barni og rætt við tvo nafngreinda yfirmenn á Landspítalanum, hvar brjóstamjólkurbanki er starfræktur. Þessir viðmælendur könnuðust ekki við að alvarlega veikt eða dauðvona barn þyrfti á brjóstamjólk að halda. Á þessum tíma lá ekkert fyrir um frá hverjum óskin um brjóstamjólk væri komin á samfélagsmiðla og því ekki hægt að leita sjónarmiða þess fólks. Jafnframt telur siðanefnd að ummæli annars yfirmanna spítalans hafi veitt blaðamanninum tilefni til að tengja fréttina við upplýsingar um að vaxtaræktarfólk sækti eftir brjóstamjólk sem lið í vaxtarækt. Að mati siðanefndar brýtur þessi frétt ekki í bága við siðareglur BÍ.

Kærandi kveðst hafa reynt að ná sambandi við bæði Kristínu Þorsteinsdóttur (útgefanda) og Ólöfu Skaftadóttur (ritstjóra), en þær ekki svarað og ekki sinnt skilaboðum um að hafa samband. Hins vegar hafi viðkomandi blaðamaður hringt og verið „mjög dónalegur“. Í andsvörum lögmanns kærðu kemur eins og áður sagði fram að Kjartan Hreinn Njálsson (titlaður ritstjóri) hefði rætt við kæranda og útskýrt fyrir henni sjónarmið blaðsins. Þá er að geta fréttar Birgis Olgeirssonar blaðamanns á visir.is sem birtist á vefsíðunni seint að kveldi sama dag og kærða fréttin birtist í Fréttablaðinu, en þar koma sjónarmið kæranda skýrt fram. Fréttablaðið og visir.is eru ekki sami fjölmiðillinn, en milli þeirra er samstarf og samningur um birtingu efnis. Siðanefnd telur, í ljósi þess hversu alvarlegt og viðkvæmt umfjöllunarefnið er, að fréttin hjá visir.is og yfirlýsing sem félagið Einstök börn sendi frá sér birtingadaginn, ásamt samtölum kæranda við Svein Arnarsson og Kjartan Hrein Njálsson, hafi átt að gefa ritstjórn og blaðamanni Fréttablaðsins fullt tilefni til að taka þessi sjónarmið upp hjá sér (í prentútgáfunni) sem eftirfylgni við upprunalegu fréttina, enda þarna komið fram um hvaða fólk var að ræða og að brjóstamjólkuróskin tengdist ekki vaxtaræktarfólki með nokkrum hætti. Siðanefnd telur að með því að láta þetta ógert hafi ritstjórn Fréttablaðsins með ámælisverðum hætti gerst sek um óvönduð vinnubrögð og brot á 3. grein siðareglna BÍ.

## Úrskurður

Kærður blaðamaður, Sveinn Arnarsson, telst ekki hafa brotið siðareglur BÍ. Ritstjórn Fréttablaðsins telst brotleg við siðareglur BÍ og er brotið ámælisvert.

*Reykjavík, 23. maí 2019,*
*Björn Vignir Sigurpálsson,*
*Hjörtur Gíslason,*
*Ásgeir Þór Árnason,*
*Friðrik Þór Guðmundsson,*
*Róbert H. Haraldsson.*



# Ekki tekið til efnislegrar meðferðar

*Mál nr. 2/2019-2020.*

***Kærandi:***
*Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.*
***Kærðir:***
*Sigurður Már Jónsson blaðamaður og Gísli Freyr Valdórsson, ábyrgðarmaður Þjóðmála.*
***Kæruefni:***
*Umfjöllun um vefmiðilinn Kjarnann í tímaritinu Þjóðmál vor 2019.*



## Málsmeðferð

Kæran barst framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands með tölvupósti 6. maí sem framsendi hana á siðanefnd ásamt viðhengjum, þ.e. bréfi kæranda, kærðri grein í Þjóðmálum og skjáskoti af bloggpistli kærða 29. apríl. Siðanefnd tók málið fyrir á fundi sínum 23. maí og tók þar neðangreinda ákvörðun sína. Jóhannes Tómasson varamaður í Siðanefnd, tók þátt í umfjöllun málsins þar sem nýr fulltrúi siðfræðistofnunar HÍ hafði ekki verið tilnefndur.

## Málavextir

Kærandi ritaði siðanefnd ítarlegt bréf þar sem hann tiltekur fjölmörg atriði sem hann telur ranglega farið með í téðri grein kærða í Þjóðmálum. Þar kemur m.a. fram að í tölvupóstssamskiptum kæranda og ritstjóra Þjóðmála hafi hann „ekki sýnt vilja til að leiðrétta þær skýru staðreyndavillur og annars konar rangfærslur sem er að finna í fréttaskýringunni né beiðnum um að biðja að fólk sem gerðar eru upp skoðanir og hvatir í fréttaskýringunni afsökunar."

## Umfjöllun

Siðanefnd leit til þess hvort siðareglur Blaðamannafélags Íslands næðu til hinna kærðu skrifa, þ.e. hvort þau falla undir síðasta málslið 5. greinar siðareglna eða hvort um fréttaefni eða fréttaskýringu væri að ræða. Umræddur málsliður siðareglnanna er svofelldur: „Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi." Siðanefnd lítur svo á að umrædd skrif teljist falla undir tilvitnaða grein og séu því utan verksviðs nefndarinnar og verði því ekki tekin til efnislegrar meðferðar. Í efnisyfirliti Þjóðmála er greinin kynnt sem umfjöllun en ekki fréttaskýring eða fréttaefni enda þótt höfundur greinarinnar, hinn kærði, noti það orð í umfjöllun sinni á bloggi sínu, sigurdurmar.blog.is. Telur siðanefnd umrædda umfjöllun fremur bera persónulegan keim með framsetningu höfundar á skoðunum sínum á miðlinum fremur en rökstudda greiningu eða fréttaskýringu.

Meirihluti siðanefndar vísar frá kæru Þórðar Snæs Júlíussonar á hendur þeim Sigurði Má Jónssyni og Gísla Frey Valdórssyni. Friðrik Þór Guðmundsson er ósammála meirihlutanum um frávísun málsins og telur að lýsingu hins kærða sjálfs á skrifum sínum í Þjóðmálum sem „fréttaskýringu" beri að virða og því ætti að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og óska eftir andsvörum hins kærða.

## Úrskurður

Máli 2/2019-2020 er vísað frá með atkvæðum fjögurra fulltrúa í siðanefnd gegn einu.

*Reykjavík 28. maí 2019,*
*Ásgeir Þór Árnason,*
*Hjörtur Gíslason,*
*Björn Vignir Sigurpálsson,*
*Friðrik Þór Guðmundsson – með fyrirvara,*
*Jóhannes Tómasson.*

# Þekktu rétt þinn!

**Grunnurinn.** Kjarasamningar BÍ eru grunnurinn að því sem greiða ber fyrir vinnu blaða- og fréttamanna á fjölmiðlum á Íslandi. Það þýðir að óheimilt er samkvæmt lögum að greiða minna en þeir kveða á um. Engin takmörk er á því hversu mikið meira má greiða.

**Vinnutími.** Vikulegur dagvinnutími blaða- og fréttamanna er 35-40 stundir. Vinnutíminn er styttri á vaktavinnudeildum en á dagvinnudeildum. Vinna umfram það er ávallt yfirvinna og ber að greiða sérstaklega fyrir hana.

**Yfirvinna.** Greitt er fyrir yfirvinnu með 1,0385% af dagvinnulaunum. Það þýðir til dæmis að yfirvinnutíminn kostar 3.635 kr. fyrir þann sem er á 350 þús. kr. taxtalaunum. Tíu yfirvinnutímar á viku eða 40 í mánuði kosta þar með 145.400 kr. í vinnulaunum. Lágmarkslaun í því tilviki eru því 495.400 kr.

**Hámarksvinnutími.** Ekki er heimilt að vinna meira en 48 klukkustundir á viku að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

**Rauðir dagar.** Almennir frídagar á ári eru átta: Skírdagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti,1. maí, uppstingningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum. Vinna á þessum dögum er aukavinna og ekki greitt fyrir færri en fjóra tíma. Ef um vaktavinnu er að ræða kemur frídagur fyrir vinnu á þessum degi.

**Stórhátíðardagar.** Stórhátíðardagar á ári eru einnig átta: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársdagur. Tvöföld yfirvinna er greidd á þessum dögum, ekki minna en átta tímar vegna fólks í dagvinnu. Vaktavinnumaður fær frídag og yfirvinnu.

**Fastlaunasamningar.** Mjög hefur færst í vöxt að samið sé um ein laun fyrir starfið. Slíkir launasamningar hafa kallast fastlaunasamningar Hagkvæmni slíkra samninga fer algerlega eftir því hversu mikla yfirvinnu starfið innifelur. Það þýðir að þú þarft að fylgjast vel með yfirvinnutímum, svo laun verði ekki undir kjarasamningum. **Ekki vinna ókeypis. Það er bannað samkvæmt lögum og kjarasamningum.** Engum er skylt að vera á fastlaunasamningi og allir geta gert kröfu til að vinna samkvæmt kjarasamningnum og fá greitt fyrir yfirvinnu.

**Fastráðning.** Blaðamenn eru fastráðnir eftir fjóra mánuði, óháð því hvort gerður er ráðningarsamningur eða ekki. Ef blaðamaður er fastráðinn strax frá byrjun eða áður en fjögurra mánaða starfstíma er náð er nauðsynlegt að það sé staðfest með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrír mánuðir, en uppsagnafrestur á reynslutíma er ein vika.

**Endurgreiddur kostnaður.** Blaða- og fréttamenn fá endurgreiddan kostnað vegna starfs síns frá atvinnurekendum. Endurgreiddar eru áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla, samtals kr. 10.500 á mánuði, símakostnaður 8.500 kr. á mánuði og nettenging og kostnaður vegna hennar samtals kr. 4.000. Samtals gera þetta 23.000 kr. en útgefandi getur látið einhver ofangreindra atriða í té á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

**Fyrirframgreidd laun.** Blaðamenn eiga að fá fyrirframgreidd laun við fastráðningu.

**Höfundarréttur.** Blaðamenn eiga óskoraðan höfundarrétt að verkum sínum. Sérstakir höfundarréttarsamningar hafa verið gerðir á mörgum ritstjórnum, sem tryggja greiðslur fyrir framsal á höfundarrétti.

**Orlof.** Fyrir fjögur ár í starfi eiga blaðamenn 24 daga í sumarorlof á ári. Eftir fjögur ár fjölgar dögum í 27 jafnframt því sem heimilt er að geyma 5 daga og taka 10 að vetri, samanlagt 32 dagar í sumar- og vetrarorlof. Dögunum fjölgar í 29 (34) eftir 10 ár og 30 (35) eftir 18 ár.

**3ja mánaða frí.** Allir blaðamenn eiga rétt á 3ja mánaða leyfi að meðtöldu sumarleyfi eftir 5 ár í starfi og aftur eftir 10 ár og síðan á fjögurra ára fresti upp frá því.

**Veikindaréttur.** Veikindaréttur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrír mánuðir á fullum launum og þrír mánuðir á hálfum launum. Styrktarsjóður BÍ greiðir sjúkradagpeninga þar til viðbótar í allt að eitt ár.

**Tryggingar.** Allir blaðamenn eru slysa- og líftryggðir í vinnu og í frítíma. Atvinnurekanda ber að sjá til þess. Tryggingabætur vegna andláts fara eftir fjölskylduaðstæðum og geta numið 6-12 milljónum þegar um fjölskyldumann er að ræða með börn.

**Lífeyrisiðgjöld.** Blaða- og fréttamenn greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 4% af heildarlaunum. Til viðbótar greiðir atvinnurekandi 11,5% af heildarlaunum, þannig að samanlagt lífeyrissjóðsframlag er 15,5%.*

**Séreignasjóður.** Blaða- og fréttmenn geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í séreignasjóð án þess að af því sé tekinn skattur. Atvinnurekandi greiðir 2% mótframlag gegn að lágmarki 2% framlagi launamanns.

*Gildir frá 1. júlí 2018.

# Hvað gerir félagið?

**Hagsmunagæsla.** Blaðamannafélag Íslands stendur vörð um stéttarlega og faglega hagsmuni blaðamanna í víðu samhengi og kemur fram fyrir hönd stéttarinnar gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldi.

**Fjölmiðlun.** BÍ er með vefinn press.is og gefur út Blaðamanninn 1-2 sinnum á ári. Birgir Guðmundsson birgirg@unak.is er ritstjóri vefsins og Blaðamannsins.

**Fagleg umræða.** BÍ heldur svonefnd pressukvöld öðru hverju þar sem fagleg málefni, sem efst eru á baugi hverju sinni, eru rædd ítarlega.

**Lögfræðiþjónusta.** Lögfræðistofan LAG-lögmenn vinnur fyrir Blaðamannafélag Íslands og félaga þess þegar lögmannsþjónustu er þörf.

**Orlofshús.** Félagið á tvö sumarhús í Brekku í Biskupstungum, raðhús á Akureyri og einbýlishús í Stykkishólmi, sem eru til afnota fyrir félagsmenn.

**Endurmenntun.** Á vegum BÍ er rekinn endurmenntunar- og háskólasjóður, sem allir fullgildir félagsmenn geta leitað til um styrkveitingar til að sækja hvers kyns nám og námskeið hér á landi og erlendis í lengri og skemmri tíma.

**Rannsókna- og verkefnastyrkir.** Hægt er að sækja um sérstaka rannsókna- og verkefnastyrki þegar um er að ræða útgjalda- og/eða tímafreka rannsóknavinnu

**Styrktarsjóður.** Styrktarsjóður greiðir niður kostnað vegna sjúkraþjálfunar, gleraugna, laseraðgerða, hjartaverndar, krabbameinsskoðunar, sálfræðiþjónustu, tannlækna, tæknifrjóvgunar o.fl. Hann greiðir einnig fæðingarstyrki í hlutfalli við lengd fæðingarorlofs og ættleiðingarstyrki

**Alvarleg veikindi.** Styrktarsjóður tryggir laun í allt að eitt ár að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum í alvarlegum slysa- og veikindatilfellum. Þá er hægt að sækja um styrki til sjóðsins þegar um mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu er að ræða.

**Menningarsjóðsstyrkir.** Menningarsjóður BÍ veitir styrki þegar fullgildir félagsmenn eiga rétt á að fara í þriggja mánaða leyfi.

**Siðanefnd.** Á vegum BÍ starfar siðanefnd sem almenningur getur leitað til telji hann á sig hallað í fjölmiðlum.

**Alþjóðlegt samstarf.** BÍ er aðili að Alþjóðasambandi blaðamanna, Evrópusambandi blaðamanna og Samtökum norrænna blaðamannafélaga

**Skrifstofa BÍ.** Skrifstofa BÍ er að Síðumúla 23, 108 Reykjavík og er opin daglega milli 9 og 16. Þar starfa Hjálmar Jónsson, formaður/framkvæmdastjóri, hjalmar@press.is og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri, jona@press.is. Sími á skrifstofu er 553 9155. Farsími formanns er 897 4098.

Mars 2018.

# Félagaskrá BÍ

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Elín Pálmadóttir | | 1/1/1951 | 1/1/1951 |
| 2 | Matthías Johannessen | | 1/1/1951 | 1/1/1951 |
| 3 | Fríða Björnsdóttir | | 21/6/1961 | 1/10/1962 |
| 4 | Bragi Guðmundsson | | 1/6/1962 | 1/6/1962 |
| 5 | Björn Vignir Sigurpálsson | | 15/10/1964 | 3/12/1965 |
| 6 | Magnús Finnsson | | 1/4/1965 | 1/4/1965 |
| 7 | Steinar J. Lúðvíksson | | 1/9/1965 | 1/9/1965 |
| 8 | Kári Jónasson | | 1/1/1962 | 1/1/1962 |
| 9 | Ingvi Hrafn Jónsson | | 1/1/1966 | 1/1/1966 |
| 10 | Freysteinn Jóhannsson | | 1/5/1967 | 1/5/1967 |
| 11 | Árni Johnsen | | 7/10/1967 | 1/12/1968 |
| 12 | Styrmir Gunnarsson | | 1/6/1965 | 12/4/1970 |
| 13 | Kjartan Lárus Pálsson | | 1/6/1968 | 21/1/1971 |
| 14 | Sigtryggur Sigtryggsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/10/1970 | 1/10/1971 |
| 15 | Gunnar Valberg Andrésson | | 1/1/1967 | 6/4/1972 |
| 16 | Jóhannes Reykdal | | 1/8/1971 | 29/7/1972 |
| 17 | Úlfar Þormóðsson | | 14/7/1971 | 24/8/1972 |
| 18 | Sigurdór Sigurdórsson | | 1/1/1971 | 1/1/1973 |
| 19 | Sigmundur Steinarsson | | 1/5/1972 | 1/8/1973 |
| 20 | Arnór G Ragnarsson | | 26/6/1974 | 26/6/1974 |
| 21 | Árni Jörgensen | | 1/6/1973 | 26/6/1974 |
| 22 | Þorbergur Kristinsson | | 1/3/1973 | 7/5/1974 |
| 23 | Árni Þórarinsson | | 1/1/1971 | 19/9/1974 |
| 24 | María Ólafsdóttir | | 1/10/1972 | 14/1/1975 |
| 25 | Sveinn Sigurðsson | | 1/1/1973 | 1/2/1975 |
| 26 | Þórir Þorsteinsson | | 1/1/1975 | 20/5/1975 |
| 27 | Atli Magnússon | | 1/1/1974 | 20/5/1975 |
| 28 | Ágúst Ingi Jónsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1972 | 20/5/1975 |
| 29 | Ásgeir Tómasson | | 1/9/1975 | 1/9/1975 |
| 30 | Borghildur Anna Jónsdóttir | | 1/1/1972 | 1/10/1975 |
| 31 | Ragnar Guðni Axelsson | MORGUNBLAÐIÐ | 15/1/1976 | 15/1/1976 |
| 32 | Gunnar E. Kvaran | ATHYGLI EHF | 1/5/1976 | 1/5/1976 |
| 33 | Jóhannes Tómasson | | 20/6/1976 | 20/6/1976 |
| 33 | Ómar Andersen Valdimarsson | | 1/6/1969 | 1/9/1975 |
| 34 | Gísli Sigurgeirsson | | 1/9/1976 | 1/9/1976 |
| 35 | Gróa Ormsdóttir | | 9/1/1976 | 9/1/1976 |
| 36 | Jónas Haraldsson | TEITUR JÓNASSON | 9/4/1977 | 9/4/1977 |
| 37 | Ragnar Thor Sigurðsson | | 1/12/1975 | 1/6/1977 |
| 38 | Kjartan Stefánsson | | 9/11/1977 | 9/11/1977 |
| 39 | Sigurður H. Hreiðarsson | | 9/6/1959 | 1/1/1977 |
| 40 | Sævar Guðbjörnsson | LÆKNABLAÐIÐ | 7/11/1977 | 7/11/1977 |
| 41 | Álfheiður Ingadóttir | | 1/6/1973 | 1/1/1979 |
| 42 | Eiríkur Stefán Eiríksson | | 26/1/1978 | 26/1/1978 |
| 43 | Heiður Helgadóttir | | 1/2/1978 | 1/2/1978 |
| 44 | Kristinn Hallgrímsson | | 1/6/1977 | 1/6/1978 |
| 45 | Hulda Steinunn Valtýsdóttir | | 1/9/1978 | 1/9/1978 |
| 46 | Emilía Björg Björnsdóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 1/9/1974 | 2/10/1978 |
| 47 | Guðlaugur Bergmundsson | | 1/3/1979 | 1/3/1979 |
| 48 | Fríða Proppé | | 19/3/1979 | 19/3/1979 |
| 49 | Hilmar Karlsson | | 1/6/1979 | 1/6/1979 |
| 50 | Þórir Guðmundsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/5/1979 | 1/5/1979 |
| 51 | Valgerður Þ Jónsdóttir | | 1/6/1979 | 1/6/1979 |
| 52 | Ellert Schram | | 1/1/1960 | 1/3/1980 |
| 53 | Sveinn Kristján Guðjónsson | | 1/1/1973 | 1/5/1980 |
| 54 | Anna Björnsson | | 3/5/1980 | 3/5/1980 |
| 55 | Eiríkur Jónsson | ÍSLENSK GETSPÁ | 1/5/1978 | 1/6/1980 |
| 56 | Hjörtur Gíslason | | 1/1/1976 | 1/6/1978 |
| 57 | Kristján Már Unnarsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/9/1980 | 1/8/2002 |
| 58 | Agnes Guðrún Bragadóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 14/9/1980 | 14/9/1980 |
| 59 | Valgerður Katrín Jónsdóttir | | 15/9/1981 | 15/9/1981 |
| 60 | Jón Víðir Sigurðsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/9/1981 | 1/9/1981 |
| 61 | Sigmundur Ernir Rúnarsson | HRINGBRAUT | 1/10/1981 | 1/10/1981 |
| 62 | Lúðvík Geirsson | | 1/3/1979 | 1/1/1982 |
| 63 | Hjálmar Jónsson | BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS | 18/5/1982 | 18/5/1982 |
| 64 | Jón Baldvin Halldórsson | | 1/6/1981 | 1/6/1982 |
| 65 | Skapti Hallgrímsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/7/1982 | 1/7/1982 |
| 66 | Páll Stefánsson | | 1/7/1982 | 1/7/1982 |
| 67 | Magnús Sigurðsson | | 1/10/1982 | 1/10/1982 |
| 68 | Friðrik Þór Guðmundsson | | 1/7/1982 | 1/1/1983 |
| 69 | Valþór Hlöðversson | RITFORM | 1/1/1982 | 1/1/1983 |
| 70 | Páll Hilmar Ketilsson | | 1/1/1983 | 1/1/1983 |
| 71 | Árni Sæberg | MORGUNBLAÐIÐ | 1/2/1983 | 1/2/1983 |
| 72 | Guðmundur Sveinn Hermannsson | MORGUNBLAÐIÐ | 30/5/1983 | 30/5/1983 |
| 73 | Helgi Bjarnason | MORGUNBLAÐIÐ | 1/7/1982 | 2/6/1983 |
| 74 | Óli Örn Andreassen | | 1/1/1976 | 1/7/1983 |
| 75 | Aðalsteinn Ingólfsson | | 1/9/1978 | 1/9/1983 |
| 76 | Eygló Stefánsdóttir | | 1/1/1977 | 1/4/1984 |
| 77 | Júlíus Sigurjónsson | LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐB.SV. | 1/5/1984 | 1/5/1984 |
| 78 | Sigurður Friðbjófsson | | 1/5/1984 | 1/5/1984 |
| 79 | Kristín Gunnarsdóttir | | 1/6/1984 | 1/6/1984 |
| 80 | Anna Hólmfríður Yates | | 1/5/1984 | 1/5/1984 |
| 81 | Guðmundur Ólafur Ingvarsson | | 1/6/1984 | 1/6/1984 |
| 82 | Mörður Árnason | | 1/6/1984 | 1/6/1984 |
| 83 | Ásdís Haraldsdóttir | | 12/6/1984 | 12/6/1984 |

# FÉLAGASKRÁ BÍ

## FÉLAGASKRÁ

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|---|---|---|---|---|
| 84 | Árni Þórður Jónsson | ATHYGLI EHF | 1/6/1984 | 1/6/1984 |
| 85 | Guðbjörg R. Guðmundsdóttir | GRUND | 1/6/1980 | 1/7/1984 |
| 86 | Þorsteinn J. Vilhjálmsson | | 8/8/1984 | 8/8/1984 |
| 87 | Rúnar Ármann Arthúrsson | | 1/1/1973 | 1/9/1984 |
| 88 | Jóhanna Árný Ingvarsdóttir | | 1/9/1984 | 1/9/1984 |
| 89 | Valur Benedikt Jónatansson | | 1/1/1985 | 1/1/1985 |
| 90 | Gullveig T. Sæmundsdóttir | | 1/1/1985 | 1/1/1985 |
| 91 | Anna Kristine Magnúsdóttir | | 1/3/1977 | 1/1/1985 |
| 92 | Birgir Guðmundsson | | 15/1/1985 | 15/1/1985 |
| 93 | Edda Guðrún Andrésdóttir | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/3/1985 | 1/3/1985 |
| 94 | Jón Guðmar Hauksson | | 1/5/1982 | 1/2/1985 |
| 95 | Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir | | 1/3/1984 | 1/4/1985 |
| 96 | Skúli Unnar Sveinsson | NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN | 1/6/1983 | 1/6/1985 |
| 97 | Bragi V. Bergmann | FREMRI ALMANNATENGSL | 1/9/1985 | 1/9/1985 |
| 98 | Sigurður Már Jónsson | | 17/9/1985 | 17/9/1985 |
| 99 | Peter Radovan Jan Vosicky | | 1/1/1986 | 1/1/1986 |
| 100 | Pjetur Sigurðsson | KSÍ | 7/4/1986 | 7/4/1986 |
| 101 | Páll Helgi Hannesson | | 1/5/1986 | 1/5/1986 |
| 102 | Ragnhildur Sverrisdóttir | NOVATOR | 1/6/1986 | 1/6/1986 |
| 103 | Steinþór Guðbjartsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/3/1984 | 1/1/1986 |
| 104 | Ingibjörg Bára Sveinsdóttir | FRÉTTABLAÐIÐ | 1/8/1986 | 1/8/1986 |
| 105 | Brynjar Gauti Sveinsson | | 1/9/1986 | 1/9/1986 |
| 106 | Jóhannes Sigurjónsson | ÁSPRENT-STÍLL | 1/10/1986 | 1/10/1986 |
| 107 | Sigurveig Jónsdóttir | | 1/10/1986 | 1/10/1986 |
| 108 | Jón Kristján Sigurðsson | FÍB | 1/12/1986 | 1/12/1986 |
| 109 | Birna Þórðardóttir | | 1/1/1987 | 1/1/1987 |
| 110 | Bryndís Kristjánsdóttir | | 1/9/1986 | 1/1/1987 |
| 111 | Margrét Sverrisdóttir | | 1/1/1987 | 1/3/1987 |
| 112 | Elín Albertsdóttir | FRÉTTABLAÐIÐ | 1/6/1978 | 1/5/1987 |
| 112 | Jón Örn Guðbjartsson | | 1/1/1987 | 1/1/1987 |
| 113 | Ómar Friðriksson | MORGUNBLAÐIÐ | 20/5/1984 | 1/5/1987 |
| 114 | Jóhann Ólafur Halldórsson | RITFORM | 1/5/1987 | 1/5/1987 |
| 115 | Kristín Helga Gunnarsdóttir | UPPSTREYMI | 12/9/1987 | 12/9/1987 |
| 116 | Bogi Þór Arason | MORGUNBLAÐIÐ | 14/9/1987 | 14/9/1987 |
| 117 | Geir Ragnar L. Andersen | | 1/10/1987 | 1/10/1987 |
| 118 | Haukur Holm | RÚV | 28/10/1987 | 28/10/1987 |
| 119 | Ómar Þ Ragnarsson | | 1/1/1988 | 1/1/1988 |
| 120 | Óttar Halldór Sveinsson | | 3/1/1988 | 3/1/1988 |
| 121 | Heimir Már Pétursson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/4/1988 | 16/9/2005 |
| 122 | Hallur Þorsteinsson | | 9/5/1988 | 9/5/1988 |
| 123 | Guðjón Guðmundsson | VIÐSKIPTABLAÐIÐ | 15/5/1988 | 15/5/1988 |
| 124 | Kristján Jónsson | | 5/6/1986 | 25/5/1988 |
| 125 | Margrét Þóra Þórsdóttir | | 1/6/1983 | 1/6/1988 |
| 126 | Þorfinnur Ómarsson | | 1/7/1988 | 1/7/1988 |
| 127 | Björn Leósson | | 1/7/1988 | 1/7/1988 |
| 128 | Kristján Sigurjónsson | | 1/8/1988 | 1/8/1988 |
| 129 | Guðlaug Konráðsdóttir | | 1/9/1988 | 1/9/1988 |
| 130 | Stefán Ásgrímsson | | 1/9/1988 | 1/9/1988 |
| 131 | Sigrún Soffía Hafstein | VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS | 10/10/1988 | 10/10/1988 |
| 132 | Lúðvík Örn Steinarsson | | 1/8/1988 | 1/3/1989 |
| 133 | Hilmar Bragi Bárðarson | VÍKURFRÉTTIR | 1/7/1989 | 1/7/1989 |
| 134 | Ásgeir Friðgeirsson | | 1/8/1989 | 1/8/1989 |
| 135 | Hulda Gunnarsdóttir | | 1/9/1989 | 1/9/1989 |
| 136 | Þorgeir Lawrence | | 1/10/1989 | 1/10/1989 |
| 137 | Valtýr Björn Valtýsson | | 1/11/1989 | 1/11/1989 |
| 138 | Guðmundur O Hilmarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/11/1989 | 1/11/1989 |
| 139 | Jón Birgir Pétursson | | 1/6/1957 | 15/1/1990 |
| 140 | Elín Sveinsdóttir | | 1/2/1990 | 1/2/1990 |
| 141 | Björn Jóhann Björnsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/3/1990 | 1/3/1990 |
| 142 | Einar Falur Ingólfsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1986 | 1/6/1986 |
| 143 | Þórunn Þórsdóttir | | 1/6/1987 | 1/6/1990 |
| 144 | Þorlákur Helgi Helgason | | 1/8/1990 | 1/8/1990 |
| 145 | Pétur Steinn Guðmundsson | DELOITTE EHF | 28/8/1986 | 23/8/1990 |
| 146 | Jóhann Hjálmarsson | | 1/1/1960 | 1/10/1990 |
| 147 | Pétur Þorsteinsson | | 1/11/1990 | 1/11/1990 |
| 148 | Bjarni Harðarson | | 11/1/1991 | 11/1/1991 |
| 149 | Steingrímur Sævarr Ólafsson | SÆVARR SLF. | 1/5/1985 | 1/1/1991 |
| 150 | Sigurður Bogi Sævarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 2/1/1991 | 2/1/1991 |
| 151 | Gestur Einar Jónasson | | 1/4/1991 | 1/4/1991 |
| 152 | Magnús Hjörleifsson | | 10/4/1991 | 10/4/1991 |
| 153 | Anna Gunnhildur Ólafsdóttir | | 1/6/1988 | 1/6/1991 |
| 154 | Hildur Helga Sigurðardóttir | | 6/6/1980 | 27/7/1991 |
| 155 | Telma Lucinda Tómasson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/1/1992 | 1/10/1998 |
| 156 | Geir Agnar Guðsteinsson | | 1/6/1992 | 1/6/1992 |
| 157 | Guðni Einarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1992 | 1/6/1992 |
| 158 | Margrét Elísabet Ólafsdóttir | | 1/9/1987 | 1/6/1992 |
| 159 | Jóna Rúna Kvaran | | 1/1/1973 | 15/9/1992 |
| 160 | Þorgeir Ástvaldsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 15/9/1992 | 15/9/1992 |
| 161 | Guðrún Helga Sigurðardóttir | | 3/3/1993 | 3/3/1993 |
| 162 | Þorvaldur Örn Kristmundsson | INKASSO | 1/1/1991 | 1/4/1993 |
| 163 | Bergljót Davíðsdóttir | | 5/3/1987 | 1/11/1993 |
| 164 | Bragi Þór Jósefsson | | 1/12/1993 | 1/12/1993 |
| 165 | Orri Páll Ormarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1994 | 1/6/1994 |
| 166 | Lárus Karl Ingason | | 1/1/1987 | 31/5/1994 |
| 167 | Reynir Traustason | GÓÐUR PUNKTUR | 13/6/1994 | 13/6/1994 |
| 168 | Þorsteinn Gunnarsson | | 1/10/1994 | 1/10/1994 |
| 169 | Steingerður Steinarsdóttir | BIRTINGUR | 1/12/1994 | 1/12/1994 |
| 170 | Jón Kaldal | | 1/5/1995 | 1/5/1995 |
| 171 | Gunnar Hersveinn Sigursteinsso | | 1/6/1995 | 1/6/1995 |
| 172 | Karl Blöndal | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1995 | 1/6/1995 |
| 173 | Svava Jónsdóttir | | 1/7/1995 | 1/7/1995 |
| 174 | Guðjón Einarsson | | 15/10/1995 | 15/10/1995 |
| 175 | Guðjón Guðmundsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/1/1996 | 1/1/1996 |
| 176 | Þórður Ingimarsson | | 1/1/1980 | 1/2/1996 |
| 177 | Haraldur Jónasson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1996 | 1/6/1996 |
| 178 | Kjartan Þorbjörnsson | MD REYKJAVÍK | 1/1/1990 | 1/6/1996 |

# FÉLAGASKRÁ

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|---|---|---|---|---|
| 179 | Guðrún Hálfdánardóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 4/6/1996 | 4/6/1996 |
| 180 | Auðunn Arnórsson | | 1/6/1995 | 1/7/1996 |
| 181 | Valgerður Anna Jóhannsdóttir | | 20/8/1996 | 20/8/1996 |
| 182 | Arndís Þorgeirsdóttir | KENNARASAMBAND ÍSLANDS | 1/11/1996 | 1/11/1996 |
| 183 | Gísli Þorsteinsson | ORIGO HF. | 1/11/1996 | 1/11/1996 |
| 184 | Guðsteinn Bjarnason | VIÐSKIPTABLAÐIÐ | 1/1/1997 | 1/1/1997 |
| 185 | Ívar Benediktsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/5/1997 | 1/5/1997 |
| 186 | Arnar Björnsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/5/1997 | 1/5/1997 |
| 187 | Sigrún Birna Birnisdóttir | | 1/6/1997 | 1/6/1997 |
| 188 | Gissur Sigurðsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/6/1997 | 1/6/1997 |
| 189 | Anton Brink Hansen | FRÉTTABLAÐIÐ | 5/8/1997 | 5/8/1997 |
| 190 | Styrmir Guðlaugsson | | 1/5/1988 | 1/10/1997 |
| 191 | Hávar Sigurjónsson | | 1/12/1997 | 1/12/1997 |
| 192 | Jóhanna Steinunn Snorradóttir | ÍSFISKUR EHF | 1/3/1998 | 1/3/1998 |
| 193 | Ragnheiður Linnet | BIRTINGUR EHF | 15/6/1998 | 15/6/1998 |
| 194 | Kristinn Garðarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/10/1988 | 13/7/1998 |
| 195 | Magnús Hlynur Hreiðarsson | STÖÐ2/VÍSIR/BYLGJAN | 15/9/1998 | 15/9/1998 |
| 196 | Lóa Pind Aldísardóttir | LÓA PRODUCTION | 15/9/1998 | 15/9/1998 |
| 197 | Snorri Már Skúlason | ASÍ | 1/9/1998 | 1/9/1998 |
| 198 | Trausti Hafliðason | VIÐSKIPTABLAÐIÐ | 3/2/1999 | 3/2/1999 |
| 199 | Róbert Marshall | | 1/3/1999 | 1/3/1999 |
| 200 | Sigurjón R. Sigurjónsson | | 1/1/1989 | 1/1/1989 |
| 201 | Jakob Bjarnar Grétarsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/9/1991 | 1/11/1997 |
| 202 | Anna Sigríður Einarsdóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 17/5/1999 | 17/5/1999 |
| 203 | Óskar Ófeigur Jónsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/6/1999 | 1/6/1999 |
| 204 | Gunnþóra Gunnarsdóttir | FRÉTTABLAÐIÐ | 1/8/1990 | 1/6/1999 |
| 205 | Þóra Þórarinsdóttir | | 1/6/1999 | 1/6/1999 |
| 206 | Þórarinn Baldur Þórarinsson | FRÉTTABLAÐIÐ | 1/8/1999 | 1/8/1999 |
| 207 | Hörður Kristjánsson | BÆNDABLAÐIÐ | 1/9/1999 | 1/9/1999 |
| 208 | Garðar Örn Úlfarsson | FRÉTTABLAÐIÐ | 15/9/1996 | 15/9/1996 |
| 209 | Anna Margrét Björnsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/12/1999 | 1/12/1999 |
| 210 | Þröstur Emilsson | | 1/1/2000 | 1/1/2000 |
| 211 | Tómas Gunnarsson | SECURITAS | 15/1/2000 | 15/1/2000 |
| 212 | Njáll Gunnlaugsson | | 18/2/2000 | 18/2/2000 |
| 213 | Jóhann Hlíðar Harðarson | RÚV | 1/5/2000 | 1/5/2000 |
| 214 | Steinunn Stefánsdóttir | | 22/5/2000 | 22/5/2000 |
| 215 | Vilmundur Hansen | BÆNDABLAÐIÐ | 1/6/2000 | 1/6/2000 |
| 216 | Sigríður Björg Tómasdóttir | | 1/6/2000 | 1/6/2000 |
| 217 | Sigurður Elvar Þórólfsson | GOLFSAMBAND ÍSLANDS | 19/6/2000 | 19/6/2000 |
| 218 | Brynjólfur Þór Guðmundsson | | 1/9/2000 | 1/9/2000 |
| 219 | Ómar Óskarsson | | 1/10/2000 | 1/10/2000 |
| 220 | Guðríður Haraldsdóttir | BIRTINGUR | 1/1/2001 | 1/1/2001 |
| 221 | Loftur Atli Eiríksson | GRAND CIRCLE ICELAND | 1/5/1984 | 1/1/2001 |
| 222 | Kristján Hjálmarsson | H:N MARKAÐSSAMSKIPTI | 9/4/2001 | 9/4/2001 |
| 223 | Edda Jóhannsdóttir | | 20/4/2001 | 20/4/2001 |
| 224 | Jóhann Ágúst Hansen | | 25/4/2001 | 25/4/2001 |
| 225 | Marta María Jónasdóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 1/5/2001 | 1/5/2001 |
| 226 | Freyr Bjarnason | MORGUNBLAÐIÐ | 4/6/2001 | 4/6/2001 |
| 227 | Sunna Ósk Logadóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 1/7/2001 | 1/7/2001 |
| 228 | Eiríkur Stefán Ásgeirsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/7/2001 | 1/7/2001 |
| 229 | Margrét Hugrún Gústavsdóttir | | 12/7/2001 | 12/7/2001 |
| 230 | Óli Kristján Ármannsson | KOM | 1/9/2001 | 1/9/2001 |
| 231 | Sigurður Már Harðarson | BÆNDABLAÐIÐ | 1/9/2001 | 1/9/2001 |
| 232 | Hildur Kristjánsdóttir | SAGA FILM | 1/10/2001 | 1/10/2001 |
| 233 | Védís Skarphéðinsdóttir | LÆKNABLAÐIÐ | 26/11/2001 | 26/11/2001 |
| 234 | Hörður Magnússon | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/7/2000 | 1/4/2002 |
| 235 | Eyrún Magnúsdóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/2001 | 1/6/2001 |
| 236 | Bjarni Brynjólfsson | | 1/1/2001 | 1/1/2001 |
